

Farsæl framtíð

Horft til næstu 30 ára

Formáli

Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, setti í gang vinnu þessa hóps sem beindist að því að líta til næstu 30 ára og greina mikilvægar samfélagsbreytingar, þær áskoranir sem þeim fylgir og velta upp hugmyndum og tillögum um viðbrögð og aðgerðir sem Sjálfstæðisflokkurinn gæti staðið fyrir. Starf hópsins hófst formlega þann 28. apríl sl. og hann skilar hér með þessu riti. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, hefur haft umsjón með starfi hópsins.

Í hópnum störfuðu Vilhjálmur Egilsson, formaður, Björg Fenger, Halla Sigrún Mathiesen, Tryggvi Másson, Viggó Jónsson og Þór Sigfússon.

Við sem tókum þátt þessu starfi erum ekki endilega sammála öllu sem fram kemur í ritinu en teljum að allt eigi erindi inn í umræðu um framtíðina.

Fyrir hönd hópsins þakka ég fyrir það tækifæri og traust sem okkur var sýnt með því að fela okkur þetta verkefni. Við vonum að það geti nýst til stefnumörkunar og ákvarðanatöku á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og annars staðar í samfélaginu eins og við á.

Þann 18.ágúst 2021.

Vilhjálmur Egilsson

I. Inngangur

Framtíðarsýn fyrir Ísland er umfjöllunarefni ritsins.

Fjárfesting í fólki, atvinnulífi og innviðum er grunnstefið.

Markaðir stækka um leið og heimurinn minnkar sem bætir lífskjör.

Friður í heiminum er fjöregg okkar en mikill óvissuþáttur.

Tæknibyltingar, flóknari innviðir, inngróin umhverfisvitund, loftslagsváin, eðlisbreyting vinnu og vinnuumhverfi, fjölgun aldraðra, breytt valdahlutföll, áraun á samheldni og samstöðu, fjölgun innflytjenda, aukið mikilvægi menntunar og heilbrigðisþjónustu og ógnun við einkalíf og fjölskyldulíf eru meðal fyrirsjáanlegra breytinga og áskorana.

Framtíðarsýn fyrir Ísland er viðfangsefni þessa rits. Fjallað er um hvert þjóðin ætti að stefna á næstu áratugum þannig að um og eftir miðja þessa öld verði Ísland í fararbroddi annarra þjóða þegar kemur að lífskjörum, velferð og sjálfbærni. Ísland á að vera samkeppnisfært á flestum sviðum samfélagsins og geta byggt upp og laðað til sín atvinnustarfsemi í fremstu röð til að uppfylla metnað þjóðarinnar um velmegun og almenna farsæld sem allir eiga hlut í.

Fjárfesting í fólki, atvinnulífi og innviðum er grunnstefið í þeirri stefnumörkun sem hér er lögð fram. Íslendingar eru líklega betur í stakk búnir til að fjárfesta og sækja fram en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Mikill sparnaður hefur safnast upp, m.a. í lífeyrissjóðum landsmanna, sem skapar nýjan grundvöll fyrir efnahagslegu sjálfstæði og stöðugleika og getu til að standa undir uppbyggingu innviða og atvinnulífs. Þessi mikli sparnaður er líka forsenda fyrir nýrri verkaskiptingu í samfélaginu þar sem hlutverk ríkisins yrði að leiða fjárfestingar í fólki en annarra aðila að leiða uppbyggingu mun stærri hluta innviða og alls almenns atvinnulífs.

Miklar og örar samfélagslegar breytingar einkenna tímana sem við nú lifum. Langt friðartímabil fyrir utan staðbundin átök, tækniframfarir, aukin framleiðni í atvinnulífi, alþjóðavæðing, bætt heilbrigði, lengri mannsævi og meiri hagsæld eru meðal jákvæðra þátta sem hafa haft áhrif á líf okkar. Jafnframt stöndum við frammi fyrir miklum áskorunum til að varðveita umhverfið, vinna gegn loftslagsbreytingum og tryggja sjálfbærni atvinnulífs og samfélags. Baráttan gegn fátækt er samfelld verkefni og eins að tryggja jöfn tækifæri og ná ásættanlegum jöfnuði milli þjóða og innan þeirra. Frelsi og mannréttindi eru víða

takmörkuð og fyrirséð að ný tækni getur auðveldað stjórnvöldum að þrengja frekar að þeim.

Íslendingar standa frammi fyrir því stóra verkefni á næstu áratugum að treysta stöðu sína og ná árangri í samfélagi þjóðanna. Margvísleg þróun mun marka einstök viðfangsefni á hverjum tíma og mikilvægt er að hafa skilning á því hvert stefnir og hvernig Íslendingar geta hagað málum sínum til farsældar fyrir þjóðina alla.

Markaðir stækka um leið og heimurinn minnkar með minni hindrunum í viðskiptum og framförum í samgöngum og samskiptum. Þjóðir ná árangri með því að skapa verðmæti fyrir aðrar þjóðir í eftirsóknarverðum vörum eða þjónustu. Um leið eykst samkeppni erlendis frá. Samfélagið í heild nýtur góðs af en í virkri samkeppni kemst enginn af án þess að vera fullur þátttakandi.

Tækniframfarir og samkeppni í viðskiptum innanlands og alþjóðlega leiða til þess að atvinnugreinar, fyrirtæki og störf breytast eða leggjast af. Náist ekki að aðlagast breytingum og vera skrefinu á undan í samkeppninni skapast vandamál fyrir fólk og fyrirtæki. Ný og fleiri störf verða til meðan önnur hverfa en þegar tækifærin til að sækja fram eru ekki nýtt getur það orðið undirrót andstöðu við frjáls viðkipti og framfarir. Annað hvort er að taka fullan þátt eða að sjá fram á stöðnun og afturför.

Stærri markaðir eru leið til betri líf skjara. Flestar þjóðir reyna að sækja fram á erlendum mörkuðum með útflutningi á vörum og þjónustu til að tryggja sér hagvöxt og betri líf skjör. Og velgengni einnar þjóðar skapar betri markaði og tækifæri fyrir aðrar. Fyrir fyrirtæki og einstaklinga er árangur á erlendum mörkuðum ávísun á vöxt, betri störf, hærri laun, hagnað og auðssöfnun. Stærsti hluti hvernar þjóðar nýtur jafnan þeirrar velsældar sem þannig skapast en alltaf þarf að reikna með því að einhverjir sitji eftir. Gera þarf ráðstafanir til að tryggja að þjóðin öll fái hlutdeild í árangri atvinnulífsins.

Friðurinn er einn mesti óvissuþátturinn í heiminum á næstu áratugum. Friður er langt því frá sjálfgefinn, hvorki í Evrópu né annars staðar í heiminum. Friður er forsenda greiðra viðskipta milli þjóða og áframhaldandi framfara í atvinnulífi. Mikilvægt er að deilur, refsiaðgerðir og viðskiptahindranir magnist ekki upp og endi með ófriði og hörmungum. Net- og tölvuglæpir geta líka ógnað friðnum vegna þess að ríki geta beitt þeim sem tækjum eða vopnum. Þá getur loftslagsváin hæglega skapað illdeilur og líkur á ófriði. Hætta er á því að alþjóðlegar leikreglur í samskiptum og viðskiptum milli þjóða víki fyrir valdbeitingu og að vald stórþjóða frekar en reglurnar ráði þróun mála. Tvær djúpar kreppur hafa skolið á heimsbyggðinni á tiltölulega skömmum tíma, fyrst fjármálahrunið 2008 og svo Covid-19 kreppan 2020 - 2021. Þessar kreppur hafa sett stein í götu baráttu gegn fátækt, aukið ójöfnuð, veikt samfélagslega samstöðu og alþjóðlegt samstarf.

Friður í heiminum er fjöregg okkar. Hann skapar þau starfsskilyrði sem laða fram tækniframfarir í þágu alls almennings, heilbrigða samkeppni, viðskipti og velmegun.

Íslendingar verða aldrei stórveldi í þeim málum sem varða frið eða ófrið innbyrðis í samfélögum eða milli þjóða. En Íslendingar eiga í samskiptum sínum við aðrar þjóðir að standa fyrir frelsi, mannréttindi, samstöðu og frið. Þess vegna er aðild Íslands og virk þátttaka í samtökum vestrænna lýðræðisþjóða sem standa saman í vörn fyrir lýðræði, frelsi, mannréttindi og frið svo mikilvæg og nauðsynleg

Lykilþættir í alþjóðlegri og íslenskri samfélagsþróun

Greina má nokkra lykilþætti í þróun samfélagsins á næstu áratugum sem móta áskoranir og viðfangsefni þjóðarinnar.

1. **Tækniþytingar** munu halda áfram og þeim verða valin ný nöfn með reglulegu millibili. Engin endalok verða á þróun stafrænnar tækni og hagnýtingu hennar. Betri efni og öflugri þjarkar og tæki munu halda áfram að leysa af hólmi störf sem mannshöndin vinnur. Samstarf hins opinbera og atvinnulífs getur stuðlað að því að orkuskipti muni ganga greiðlega fyrir sig víðsvegar um heim. Atvinnulífið mun leysa sín viðfangsefni og vandamál og rísa undir þeim kröfum sem gerðar eru. Hvarvetna er vitundarvakning innan fyrirtækja um nauðsyn aðgerða og nýsköpunarkraftar atvinnulífsins beinast ekki síst að því að fyrirtæki þrífist í nýju umhverfi kolefnishlutleysis og mengunarlausrar orku.
2. **Innviðir samfélagsins** verða sífellt flóknari og viðkvæmari. Samgöngumannvirkjum, samskiptainnviðum, og orkukerfi verður stýrt sífellt nákvæmar og betur með stafrænum kerfum. Sama gildir um fjármálakerfi heimsins, viðskiptakerfi og opinber skattheimtu- og þjónustukerfi. Öll þessi kerfi verða þá á sama tíma viðkvæmari fyrir utanaðkomandi árásum eða áföllum og krefjast sífellt betri öryggisvörslu.
3. **Umhverfisvitund** mun fara vaxandi og verða inngróin í samfélagið og umgengni mannsins við náttúruna. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda hvort heldur er hafsins, vatnsins, annarra orkuauðlinda eða ferðamannastaða verður aðalsmerki Íslands. Stýring á notkun vatns verður mikilvægara viðfangsefni meðal þjóða eftir því sem matvælaframleiðsla eykst, borgir stækka og fólki fjölgar.
4. **Loftslagsváin** er stærsta viðfangsefni næstu áratuga. Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda munu skila árangri en þjóðir eru í kappi við tímann. Þótt árangur sé að nást geta veðurfarsleg áhrif verið mikil og tjón af þeirra völdum sömuleiðis.
5. **Eðli vinnu** er að breytast. Líkamlega erfiðum störfum fækkar en meira reynir á hugarorku, einbeitingu og athyglisgetu. Staðsetning vinnunnar hefur minnkandi þýðingu og fjarvinna eykst. Fólki mun skipta oftar um starf og jafnvel starfsvettvang. Verkefnatengdum og tímabundnum störfum mun fjölga. Fólki mun oftar þurfa að skapa sér sín eigin störf.

6. **Aldraðir einstaklingar** verða sífellt fleiri og hærra hlutfall íbúa. Fjölmennari árgangar eru að komast á lífeyrisaldur og lífaldur hækkar vegna betri heilsu. Reikna má með aukinni virkni þessa aldurshóps á vinnumarkaði og öðrum vettvangi í samfélaginu. Með öflugum lífeyriskerfi í núverandi mynd verða eldri aldurshópar mikilvægir skattgreiðendur og neytendahópur. Þá kallar þessi þróun á aukna heilsutengda þjónustu fyrir aldraða.
7. **Stjórnkerfi og stofnanir** hins opinbera á sviði stjórnsýslu og þjónustu munu þurfa að uppfylla auknar kröfur um skilvirkni og gæði til að þjóna síbreytilegum þörfum íbúanna en skilvirk og örugg stjórnsýsla gegnir lykilhlutverki í lýðræðislegu samfélagi. Örar samfélagslegar breytingar búa til margvíslegar áskoranir fyrir stofnanir samfélagsins sem þurfa í senn að svara lýðræðislegum vilja, viðhalda stöðuleika og varðveita grunngildi frelsis og mannréttinda.
8. **Gjaldmiðlakerfi heimsins** mun taka miklum breytingum. Rafræn mynt er talin verða mun fyrirferðarmeiri en gjaldmiðlar einstakra landa eða landsvæða. Þessi þróun mun draga úr kostnaði í viðskiptum og hafa gríðarleg áhrif á peningaflæði og vægi peningastefnu einstakra landa.
9. **Valdahlutföll heimsálfa** munu breytast og líklegt er að hlutur Evrópu í heimsframleiðslunni haldi áfram að minnka. Erfitt er að segja til um áhrif þessa á Evrópusamvinnuna en líklega færast mestur þungi heimsviðskipta austar með áframhaldandi uppgangi í Kína, Indlandi og öðrum Asíuríkjum. Afríka eflist líka og væntanlega mun draga úr vægi Evrópusamvinnu í efnahagsmálum heimsins. Mikilvægi Evrópusamvinnu í þágu frelsis, lýðræðis og mannréttinda og í varnar- og öryggismálum mun þó án efa aukast.
10. **Upplýsingamiðlun** verður sífellt fjölbreyttari. Flóknara verður að hafa stjórn á vinnslu og miðlun upplýsinga og efnis án þess að ganga á grunngildi tjáningar- og skoðanafrelsis. Margskonar samfélagsleg viðmið verða fyrir þrýstingi og erfiðara verður að meta staðreyndir og sannleiksgildi miðlaðs efnis.
11. **Einkalíf einstaklingsins og fjölskyldunnar** kann að taka miklum breytingum. Umfangsmikil sjálfvirk gagnasöfnun um allt sem varðar gerðir og atferli einstaklinga mun einkenna framtíðina. Slík gagnasöfnun veitir möguleika á bættri þjónustu, skilvirkari skattheimtu og löggæslu en getur líka þrengt verulega að frelsi og friðhelgi einstaklinga, fjölskyldna og heimila. Við verðum öll nánast á sama heimili.
12. **Tungumál einstakra ríkja**, ekki síst smáríkja, munu eiga undir högg að sækja. Kraftar alþjóðavæðingar annars vegar og íslenskrar tungu hins vegar munu takast á. Aukinn skilningur verður á mikilvægi þess að varðveita og efla íslenskuna og aðlagga hana að breyttum heimi.
13. **Samheldni og samstöðu** innbyrðis og milli þjóða verður ógnað. Hverri þjóð er nauðsynlegt að á hverjum tíma sé samstaða um helstu þætti samfélagsgerðarinnar. Mikilvægt er allt megi ræða og að samfélagið sé opið fyrir breytingum en þegar deiluefnin verða of mörg eða illvíg verður óstöðugleiki,

upplausn og afturför. Mikið mun reyna á getu samfélaga til málamiðlana um innri mál og milli þjóða en oftast liggur leiðin áfram til friðar og hagsældar í gegnum málamiðlanir. Árangur þjóða ræðst af því hvernig tekst að ná góðu jafnvægi milli breytinga og stöðugleika.

14. **Heilbrigðismál** verða sífellt fyrirferðameiri málaflokkur. Með aukinni velmegun aukast kröfur um að heilbrigðiskerfið sinni heilsutengdum vandamálum eins og þau séu sjúkdómar. Mikilvægt verður að skilgreina ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu og stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Fjölgun aldraðra kallar á meiri umönnun og hærri kostnað í þeim hluta heilbrigðisþjónustunnar sem tengist þeim aldurshópi. Aðkallandi verður að tryggja fjölbreytni veitenda þjónustunnar þ.m.t. rekstrarforma.
15. **Menntun** fylgja miklar áskoranir í framtíðinni. Tækniframfarir og samfélagsbreytingar kalla á nýjar áherslur í menntakerfinu. Aðlögunarhæfni, skapandi hugsun, greiningarhæfni og athyglisfærni skipta sífellt meira máli. Menntakerfið mun þurfa að leggja áherslu á nýjar víddir þar sem fólk á vinnumarkaði þarf sífellt að endurnýja og víkka út þekkingu sína. Þá fylgja fleiri innflytjendum miklar áskoranir fyrst og fremst vegna tungumálaörðugleika og mismunandi siðvenja. Erlendir ríkisborgarar sem setjast hér að auðga íslenskt samfélag. Stjórnvöld eiga að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu og gera þeim kleift að læra íslenska tungu.
16. **Innflytjendur** munu setja sífellt sterkari svip á íslenskt samfélag í framtíðinni. Innflytjendur munu hafa meiri áhrif á þróun samfélagsins á öllum sviðum. Íslensk menning mun mótast og þróast í suðupotti margra menningarstrauma og siðvenja og stóra verkefnið er að tryggja að á Íslandi verði áfram **frjálslynt og umburðarlynt lýðræðissamfélag byggt á sterkum íslenskum menningarlegum rótum þ.m.t. lifandi íslenskri tungu.**
17. **Jöfn réttindi og jöfn tækifæri** óháð uppruna, trúabrögðum, siðvenjum, efnahag og kyns eru forsenda öflugs velferðasamfélags. Jafnrétti í sínum víðasta skilningi verður órjúfanlegur þáttur af þjónustu hins opinbera við íbúa og gerir íslenskt samfélag og atvinnulíf samkeppnishæfara og eftirsóknarverðara.

II. Tökumst á við verkefni framtíðar

Ef íbúum landsins fjölgar lítið eða jafnvel fækkar á næstu áratugum er hætt við að afkoma þjóðarinnar og möguleikar til framtíðar muni fara síversnandi.

Ísland verði eftirsóknarverður staður fyrir fólk til að stofna fjölskyldur og fyrir innflytjendur til að setjast að til frambúðar.

Langtíma velferð Íslendinga er undir og nauðsynlegt að Íslendingum fjölgi verulega

Atvinnulíf framtíðarinnar þarf að vera samkeppnisfært og fjölgun íbúa er nauðsynleg til að auka samkeppnishæfni.

Jákvæð áhrif fjölgunar eru m.a. sterkara efnahagslíf og betri lífskjör, traustari hagstjórn, fleiri stöðir undir útflutning, stærri og sterkari fyrirtæki, stærri innlendir markaður og betri skilyrði fyrir nýsköpun, öflugari mennta- og heilbrigðiskerfi og sterkari grunnur undir velferðarkerfið.

Hvernig Íslendingar takast á við þær framtíðaráskoranir sem hér hafa verið raktar hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir framtíð þjóðarinnar og samfélagsins. Það er **ekki sjálfgefið að Íslendingum farnist vel** þrátt fyrir að þjóðin standi nú um stundir á traustum grunni. Til að eflast og dafna í breyttum heimi þarf að hugsa marga málaflokka upp á nýtt og grípa inn í þar sem í óefni stefnir.

Ef íbúum landsins fjölgar lítið eða jafnvel fækkar á næstu áratugum er hætt við að afkoma þjóðarinnar og möguleikar til framtíðar muni fara síversnandi. Haldi fjölgun íbúa ekki í við breytingu á aldursamsetningu þjóðarinnar munu sífellt færri hendur standa undir samneyslunni og velferðinni. Stjórnvöld munu því ekki eiga annarra kosta völ en að þyngja byrðar á skattgreiðendur, skera niður grunnþjónustu eða velta kostnaðinum á íbúanna með aukinni greiðsluþátttöku þeirra. Allir þessir þættir eiga það sameiginlegt að grafa undan jöfnum tækifærum, verðmætasköpun og því velferðarkerfi sem hefur komið Íslandi í fremstu röð meðal þjóða heims.

Á fyrstu tveimur áratugum þessara aldar hefur mikil fjölgun erlendra ríkisborgara hægt á breytingu á aldursamsetningunni. Á sama tíma hefur dregið úr barneignum hérlendis sambærilegt og gerst hefur í nágrannalöndunum. Þá heldur lífaldur fólks áfram að hækka. Mörkun framtíðarstefnu fyrir Ísland verður því að taka mið af þessu með það fyrir sjónum að:

Ísland verði eftirsóknarverður staður fyrir fólk til að stofna fjölskyldur.

Ísland verði eftirsóknarverður staður fyrir erlenda ríkisborgara til að setjast að til frambúðar og stofna fjölskyldu.

Með þessi markmið að leiðarljósi verður hægt að bregðast við áskorunum breyttrar aldursamsetningar á sjálfbæran hátt þar sem fólk sjái eigin hag í því flytjast búferlum til Íslands, eignast og ala hér upp börn. Þannig verði hægt að fjölga íbúum hér á landi á sama tíma og hægt verði að tryggja áframhaldandi vöxt í verðmætasköpun sem stendur undir velferðinni í landinu.

Í ársbyrjun 2020 voru Íslendingar 364 þúsund en með 3,4% árlegri meðalfjölgun íbúa gæti fjöldinn náð einni milljón um miðja öldina. Með 2,5% árlegri fjölgun næðu Íslendingar milljóninni árið 2060. Með markvissum aðgerðum er unnt að stuðla að fólksfjölgun.

Í mannfjöldaspá Hagstofu Íslands er miðað við að íbúar verði 431 þúsund árið 2050, en 386 þúsund samkvæmt lágspá og 479 þúsund samkvæmt háspá. Í lágspá byrjar Íslendingum að fækka um miðja öldina. Í miðspá er t.d. reiknað með því að á árinu 2050 verði fleiri einstaklingar í 70 ára árgangi en í fæðingarárgangi.

Langtíma velferð Íslendinga er undir. Vöxtur og viðgangur hvernar þjóðar byggir á því að nægt fólk með þekkingu og getu sé til staðar til að skapa verðmæti og tekjur til að halda uppi góðum lífskjörum og almennri velferð. Án fjölgunar íbúa dregur enn fremur úr fjárfestingum og endurnýjun á mörgum sviðum samfélags og atvinnulífs og smám saman veikist grundvöllur framsækis samfélags og velferðar.

Markviss stefna um fjölgun íbúa á Íslandi er nauðsynleg til þess að tryggja framtíðarstöðu þjóðarinnar sem velmegunar- og velferðarsamfélags. Fjölgun íbúa á Íslandi þarf að byggjast bæði á aukinni fæðingartíðni hér á landi og á búferlaflutningum fólks. Ísland þarf að vera aðlaðandi til búsetu með öflugum atvinnulífi, fjölbreyttum störfum, traustum innviðum og samkeppnishæfu mennta- og velferðarkerfi.

Atvinnulíf framtíðarinnar þarf að vera samkeppnisfært til að takast á við þær kröfur sem gerðar eru í umhverfis- og loftslagsmálum og öðrum samfélagslegum málefnum, jafnframt því að standa undir góðum lífskjörum. Hið sama þarf að gilda um opinberan rekstur eins og almenningssamgöngur og meðhöndlun sorps. Tryggja þarf hátt fjárfestingastig í atvinnulífi og innviðum og virkt nýsköpunarumhverfi sem styður við framfarasókn þjóðarinnar.

Íbúafjölgun nauðsynleg fyrir samkeppnishæfni

Mikilvægi þess að íbúum héraendis fjölgi mikið á komandi árum birtist í margháttaðum og jákvæðum áhrifum.

- 1. Aukinn efnahagslegur styrkur og stöðugleiki.** Fjölmennari þjóð sem er að vaxa hefur meiri möguleika til að bæta hag almennings og stærri innlendir markaður er til þess fallinn að draga úr efnahagslegum sveiflum.
- 2. Betri lífskjör.** Fjölgun þjóðarinnar og meiri og betri menntun og þekking skila sér í verðmætari og fjölbreyttari mannauði fyrir atvinnulífið og samfélagið sem bætir árangur á öllum sviðum.
- 3. Fleiri og fjölbreyttari stoðir undir útflutning.** Stærra hagkerfi með sterkari innanlandsmarkaði er líklegra til að geta byggt upp fleiri og öflugri útflutningsgreinar sem er grundvöllur hagvaxtar til lengri tíma.
- 4. Betri og öflugri hagstjórn og stýring peningamála.** Ísland er nú tiltölulega berskjaldað sem hagkerfi með eigin gjaldmiðil. Meira en tvöfalt stærra hagkerfi skapar betri forsendur fyrir stöðugum gjaldmiðli og hagstjórn.
- 5. Möguleiki á að byggja upp stærri og öflugri fyrirtæki.** Með stærri innlendum markaði er pláss fyrir fyrirtæki á innanlandsmarkaði sem standast betur alþjóðlega samkeppni og fyrirtæki í útflutningsstarfsemi hafa betri aðgang að mannauð og fjármagni til þess að vaxa innanlands.
- 6. Stærri innlendir markaður fyrir innlenda framleiðslu eins og landbúnaðarframleiðslu og stærri þjónustumarkaður.** Smæð markaðarins háir mörgum fyrirtækjum í ýmsum atvinnugreinum þar sem framleiðslugeta er umfram þarfir. Eins eru mörg tæki og tækni í atvinnulífi sniðin fyrir mun meiri framleiðslu en innlendir markaður býður nú uppá. Með stærri markaði má auka fullvinnslu og efla hringrásarhagkerfið.
- 7. Sterkari innviðir í samgöngum og samskiptum.** Fjölmennari þjóð á auðveldara með að fjármagna mikilvægar innviðaframkvæmdir eins og vegi, hafnir og fjarskipta- og samskiptakerfi.
- 8. Möguleikar fyrir sókn í dreifðum byggðum og traustari staða landsbyggðar.** Með sterkari innviðum og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi skapast betri möguleikar til að sækja fram um allt land.
- 9. Betri forsendur fyrir fjármálastarfsemi og verðbréfamarkað.** Smæð íslenska markaðarins takmarkar virkni hans og fjölbreytileika. Í stærra hagkerfi getur hlutabréfamarkaður gegnt veigameira hlutverki og aðrir verðbréfamarkaðir verða dýpri og faglegri og þar með gagnlegri fyrir land og þjóð.
- 10. Auknir möguleikar á erlendra fjárfestingu í atvinnulífinu.** Erlend fjárfesting í atvinnulífinu er takmörkuð en stærra hagkerfi býður uppá meiri möguleika og tiltrú.
- 11. Meiri möguleikar fyrir nýsköpun á grunni heimamarkaðar.** Í stærra hagkerfi hafa nýsköpunarfyrirtæki betri möguleika til að spreyta sig á heimamarkaði áður en þau hefja sókn á erlenda markaði.
- 12. Öflugri háskólar og rannsóknastarfsemi.** Með fleiri nemendum kemur fjölbreyttari háskólamenntun og aukinn kraftur í rannsóknastarfsemi sem skilar sér í uppbyggingu þekkingardriffinna fyrirtækja.

- 13. Öflugra heilbrigðiskerfi – meiri fjölbreytni og meiri geta.** Með stærra samfélagi verða meiri möguleikar til að þjóna almenningi og byggja upp fleiri heilbrigðisstofnanir sem geta laðað til sín vel menntaða sérfræðinga.
- 14. Sterkari staða í samkeppni um fólk.** Fjölmennara samfélag er meira spennandi fyrir vel menntaða einstaklinga. Hæfileikar, þekking og geta í mannauði þjóðarinnar verður alltaf ein helsta forsenda árangurs í atvinnulífi og samfélagi. Stærra hagkerfi er samkeppnishæfara og getur boðið upp á fleiri tækifæri.
- 15. Betri undirstöður fyrir velferðarkerfið með hærra hlutfalli á vinnumarkaði.** Gera má ráð fyrir að hlutfall starfandi á mótí fólki á lífeyrisaldri verði tveir á mótí einum ef mannfjöldaspá Hagstofu gengur eftir. Ör fjölgun þjóðarinnar heldur þessu hlutfalli í eðlilegri farvegi t.d. fjórir til sex á mótí einum. Íslendingar verða áfram „ung þjóð í ungu ríki“.
- 16. Fleiri Íslendingar snúa heim að loknu námi með fjölskyldur sínar.** Nú er algengt að Íslendingar sem fara utan til náms snúi ekki heim vegna þess að það bjóðast ekki spennandi atvinnutækifæri fyrir þá. Með stærra hagkerfi eru meiri möguleikar fyrir fólk að hasla sér völl á Íslandi.
- 17. Öflugri og faglegri stjórnsýsla og opinberar stofnanir.** Fámennið á Íslandi dregur úr getu til sérhæfingar og fagmennsku. Stærri og faglegri stofnanir eru líklegri til betri ákvarðanatöku og gagnsæis sem gagnast samfélaginu og atvinnulífinu.
- 18. Stærri heimamarkaður fyrir fjölbreytt menningarlíf.** Fjölmennara samfélag eykur tækifæri listamanna á öllum sviðum og skýtur fleiri stoðum undir listir og menningu.
- 19. Auknir möguleikar til að gera sig gildandi í alþjóðlegu menningarumhverfi.** Með stærri heimamarkaði og sterkari stofnunum og fyrirtækjum í menningargeiranum verða þau betur í stakk búin til að sækja fram erlendis.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn í nokkrum helstu málaflokkum samfélagsins er sett fram í næstu köflum þessa rits. Þar er farið yfir stöðuna og fjallað um þau verkefni sem framundan eru og hvert æskilegt er að stefna. Þær hugmyndir og stefnumál sem sett eru fram hafa tengingu við áherslu á fjárfestingar í fólki, atvinnulífi og innviðum sem er meginstef ritsins.

Allt sem hér er sett fram er ekki hugsað sem endanlegur sannleikur heldur innlegg í þá stefnumótun sem þarf að fara fram vilji Íslendingar styrkja sjálfstæði sitt og stöðu sína í heiminum á næstu áratugum.

III. Land athafna og frumkvöðla

Greiða þarf leið nýrrar kynslóðar til að sækja framhaldsmenntun og reynslu utan Íslands og nýta hana svo hér heima.

Opna þarf greiðari leið fyrir erlend fyrirtæki og frumkvöðla til að hefja starfsemi hérlendis.

Vinnustaður framtíðarinnar gefur fólki kost á auknum sveigjanleika og fjarvinnu sem létt getur á kostnaði fyrirtækja og samfélagsins í heild.

Þjónusta sem veitt er úr dreifbýli til þéttbýlis þarf að byggjast upp og opna möguleika á tvöfaldri búsetu.

Stöðugt þarf að spyrja hvernig allt stjórnskipulag geti best komið til móts við síbreytilegt umhverfi.

Landið á að stefna að því að verða með fyrstu löndum sem ná kolefnishlutleysi.

Ísland getur orðið alþjóðleg miðstöð efnahagslegrar, vísindalegrar og menningarlegrar nýsköpunar sem tengist hafinu.

Fyrirtæki verða að hafa tilgang sem bætir samfélagið.

Fagmennska og gæði þurfa að einkenna íslenska stjórnunarmenningu og kröfuhart samfélag er spennandi áskorun að glíma við.

Það er ekki einfalt verkefni að ná árangri með háum launakostnaði, löngum fríum, háum sköttum og kröfuhörðu regluverki.

Meiri áhersla verður í framtíðinni á að enginn starfsmaður sitji eftir og að allir fái eðlilega hlutdeild í árangri fyrirtækisins.

Á næstu árum mun atvinnulífið standa frammi fyrir einhverjum mestu breytingum í sögunni. Þessar breytingar koma til vegna byltingarkenndra nýjunga í stafrænni tækni og sjálfvirkni og þær geta stuðlað að **bættum lífsgæðum og fjölgað tækifærum**. Sjálfvirkni og gervigreind munu umbreyta milljónum starfa og koma inn á mjög fjölbreytt svið mannlífsins, allt frá lækningum og listum til iðnaðar og þjónustu.

Róbótinn sem vann ýmis einföld verk á verksmiðjugólfinu sinnir stöðugt viðameira hlutverki og birtist nú í fjölbreyttum þjörkum og stafrænni tækni sem er farin að hafa sífellt aukna mannlega getu með gerfigreind og bálkakeðju- og þrívíddartækni en þetta er framandi fyrir marga. Nú getur stafræn tækni lært af mistökum sínum, talað við aðra tækni og tileinkað sér nýjar aðferðir án þess að maðurinn komi þar nærri. Stafræn tækni mun þannig sinna þekkingarstörfum, sem áður var ekki mögulegt eins og kennslu, ráðgjöf, umönnun og læknisþjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Fjórða iðnbyltingin er þannig í fullum gangi og nær allir vinnustaðir verða áþreifanlega varir við þessar umbreytingar; allt ferlið í hönnun, framleiðslu og sölu á vöru og þjónustu mun taka gríðarlegum breytingum.

Eðlilega er spurt hvaða hlutverki maðurinn muni gegna í atvinnulífi sem virðist mest megnis gera mannshöndina og jafnvel mannshugann óþarfan? Svarið er einfaldlega að svo er ekki. Þrátt fyrir gríðarlegar tæknibreytingar og sjálfvirknivæðingu undanfarna áratugi þá hafa **ný og fleiri störf orðið til í stað þeirra sem tækni tók yfir; þetta hefur verið kallað hin skapandi eyðilegging**. Fátt bendir til annars en að svo verði áfram, en til þess þarf þjóðfélagið allt að aðlagast þessum breytingum, taka þeim fagnandi og leggja kapp á að búa sig sem best undir þær.

Atvinnustefna framtíðar verður að horfa til þessara öru breytinga sem framundan eru. Það er ekki nóg að gera áfram það sem við gerum nú heldur þurfum við **stöðugt að leita nýrra tækifæra og koma hugmyndum í framkvæmd**.

Ný kynslóð frumkvöðla

Þau tækifæri sem skapast til framtíðar verða nýtt ef ný kynslóð samanstendur af vel þjálfuðu og „tækifærasinnuðu“ fólki sem vill koma á breytingum í atvinnulífinu hérlandis. Að rækta hæfileika ungs fólks til skapandi hugsunar og samvinnu er eitt þýðingarmesta verkefni menntafyrirtækja og stofnana framtíðar. Greiða þarf leið nýrrar kynslóðar til að sækja **framhaldsmenntun og reynslu utan Íslands og nýta hana svo hér heima**.

Í þessum heimi tæknibreytinga skipta tæknileg geta og þekking miklu máli en líka verða mannkostir (soft skills) enn þýðingarmeiri í verkfærakistu þeirra sem koma á vinnumarkaðinn. Hér er m.a. átt við greiningar- og lærdómsgetu, sköpunargleði og frumkvæði, hæfileika til að eiga samskipti við annað fólk, eiga rökræður og leita lausna, seiglu og sveigjanleika, félags- og tilfinningagreind og gagnrýna hugsun. Við þetta má bæta hugrekki, aðlögunarhæfni og nýtni. Flest af þessu þótti mest megnis ástæðulaust að leggja sérstaka áherslu á í formlegri kennslu fyrir ekki svo mörgum árum síðan - og kannski sumpart ennþá. Að einhverju leyti má halda því fram að klassísk menntun sé að koma til baka og þá sérstaklega áhersla á þær dyggðir sem Platon kenndi fyrir 2400 árum

en það eru viska, hugrekki, hófsemi og réttlæti. Öll menntun og þjálfun þarf að miðast við að samtvinnna betur þjálfun í þessum mannlegu eiginleikum við aðra menntun.

Vinnustaður framtíðarinnar

Einstaklingar, sem starfað hafa utan Íslands, hafa á orði að sparaður tími í samgöngum sé ein stærsta breytingin við heimkomuna. Eftir að hafa eytt fleiri tugum klukkustunda í farartækjum í og úr vinnu erlendis, hafi verið hægt að komast flest í þéttbýlinu hérlendis á nokkrum mínútum. Þetta hefur breyst með meira fjölmenni og skorti á góðum samgöngum í höfuðborginni.

Eru aðrar lausnir til en fjárfestingar í samgöngumannirkjum eða dýrum lausnum í almenningsamgöngum? Breytt vinnufyrirkomulag á vinnustöðum getur hér skipt máli. Samfélagið hefur þróast þannig að allir skólar og vinnustaðir opna á svipuðum tíma. Slík samstilling hefur augljósa kosti en býr líka til álagstoppa. Tíminn í íslenskri umferð lengist stöðugt með tilheyrandi kostnaði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið í heild. Samfélagslegur kostnaður vegna tafa í umferðinni gæti numið yfir 200 milljörðum á næsta áratug og 100 milljarða þarf til fjárfestinga í umferðarmannvirkjum í höfuðborginni á komandi áratug þrátt fyrir betri almenningsamgöngur..

Vinnustaður framtíðarinnar gefur fólki kost á auknum sveigjanleika og fjarvinnu sem létt getur á kostnaði fyrirtækja og samfélagsins í heild.

Vinnustöðin Ísland

Samspil velferðar, jafnréttis og atvinnulífs kemur ekki síst vel í ljós þegar erlendir sérfræðingar eru spurðir út í hvers vegna þeir hafi valið Ísland sem vinnustöð. Ósjaldan nefna þeir **fjölskylduvænt og öruggt umhverfi**. Þessi gæði verða sífellt eftirsóttari og þau sýna best þær breytingar sem eru að eiga sér stað í viðhorfum fólks; samkeppnisstaða lands felst áfram í hagstæðu skatta- og rekstrarumhverfi en þættir eins og persónulegt öryggi og velferð verða sífellt verðmætari þegar samkeppnisstaða þjóða er metin. Opna þarf **greiðari leið fyrir erlend fyrirtæki og frumkvöðla til að hefja starfsemi hérlendis**. Sum lönd bjóða fólki, sem hyggst fjárfesta, landvistarleyfi, ef það sýnir fram á að það flytji fjármuni með sér. Ísland á að **bjóða frumkvöðlum landvistarleyfi, óháð stöðu á bankareikningi**, ef þeir hafa í hyggju að koma á fót nýsköpunarfyrirtæki hérlendis eða hefja rekstur af einhverju tagi. Oft finnst athafnafólki erfitt og tímafrekt að glíma við „kerfið“ og uppfylla kröfuhart regluverk og kraftar til atvinnuuppbyggingar nýtast því ekki sem skyldi. Æskilegt er að gefa möguleika á skilgreindu aðlögunarferli að fullum kröfum sem miðast við fyrirtæki í stöðugum rekstri.

Slíkt aðlögunarferli á að geta rúmast innan ramma sem vegur ekki að eðlilegu jafnræði fyrirtækja á markaði.

Áfram halda þéttbýlissvæði og borgir að eflast á heimsvísu. Nýlegar rannsóknir á líklegri byggðapróun á Norðurlöndum benda til þess sama. Í nýlegri skýrslu frá Nordregio um þróun íbúafjölda á Norðurlöndum til ársins 2040 er talið að nær öll sú fólksfjölgun sem reiknað er með, verði í þéttbýli eða svæðum nálægt þéttbýli.

Hér kunna þó að vera tækifæri fyrir Ísland að nýta sér styrkleika alls landsins og breytta tækni til að efla vaxtarsvæði um landið. Fisk- og þaraeldi, norðurskautssiglingar, val fólks að búa í strjálbýli með tilkomu fjarvinnu, efling innlenda matvælageirans, ferðapjónusta og vinna í tengslum við Grænland kunna að vera partur af þeim tækifærum sem landið hefur fyrir fólk til að fást við spennandi og vel launuð verkefni um allt land. Hér skiptir mestu að atvinnulífinu sé gefinn kostur á að byggja upp starfsemi og nýta sér styrkleika hvers svæðis fyrir sig.

Uppbygging innviða, ekki síst fjarskipta og samgangna og öflug heilbrigðis- og menntapjónusta eru hér í lykilhlutverki. Slík uppbygging hefur hingað til fyrst og fremst verið hugsuð á þeirri forsendu að íbúar landsbyggðarinnar eigi auðveldara með að nýta sér þjónustu sem veitt er frá þéttbýlinu. Hér þarf að verða breyting á og **þjónusta sem veitt er úr dreifbýli til þéttbýlis þarf að byggjast upp**. Það getur eflt slíka þróun að sífellt fleira fólk vill velja að hafa tvöfalda búsetu bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. **Sveitarfélög og ríkið þurfa að gefa fólki möguleika til að vera með lögheimili á fleiri en einum stað og endurskoða skilgreiningar og takmarkanir á búsetu í sumarbústöðum**. Samhliða þessu þarf að ákveða hvernig fara skuli með álagningu útsvars, skiptingu skatttekna milli sveitafélaga, og þjónustustig. Ennfremur hvernig aðrir skattar og gjöld til sveitarfélaga þurfa að þróast.

Samvinna um nýsköpun

Við Íslendingar erum í kjörstöðu til að efla víðtækt nýsköpunarsamstarf hins opinbera, atvinnulífs, sprotaumhverfis, háskóla-, rannsókn- og fjárfestaumhverfis og ná þannig að búa okkur til sterkari samkeppnisstöðu en margar fjölmennari þjóðir sem ekki búa við jafn mikið traust á milli fólks og hér þekkist.

Hið opinbera þarf að ganga á undan og stöðugt að huga að því hvort fella megi múra milli ráðuneyta og stofnana, sameina og kannski endurhugsa frá grunni starf og áherslur sem taki meira mið af breyttum tímum. Stöðugt þarf að spyrja hvernig **allt stjórnskipulag geti best komið til móts við síbreytilegt umhverfi**.

Nýmarkaðir

Atvinnustefna framtíðar þarf að horfa útávið. Á næstu áratugum munu stærstu neytendamarkaðir heims og öflugustu hagkerfin verða í Asíu. Jafnframt munu markaðir í Afríku eflast en þar er fólksfjöldunin hröðust og fari sem horfir munu á heimsvísu nálægt tveim börnum af hverjum fimm fæðast í Afríku á árinu 2050.

Með þá víðtæku þekkingu sem Íslendingar hafa aflað sér í stafrænum lausnum, sjávarútvegi, matvælavinnslu, ferðaþjónustu, lyfjaiðnaði og orku getur útrás á nýja markaði með þessa þekkingu að vopni verið ein árangursríkasta leiðin til að efla alþjóðavæðingu íslenskrar þekkingar og styrkja stöðu okkar á nýmarkaðssvæðum. Um leið getum við stuðlað að bættum lífsgæðum og sjálfbærni á þessum svæðum, og þá ekki síst í þróunarlöndunum. **Íslenskar lausnir eru oft hannaðar með sjálfbærni að leiðarljósi og margar þeirra hafa orðið til á íslenskum markaði.** Útflutningur á íslenskrri þekkingu á mörgum sviðum getur orðið afar umsvifamikill á næstu áratugum.

Kolefnisfótspor

Ísland hefur algera sérstöðu í möguleikum á framleiðslu á afurðum sem byggja á sjálfbærum orkugjöfum. Landið á að stefna að því að verða **með fyrstu löndum sem ná kolefnishlutleysi.** Til þess að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að á komandi árum verði markvisst unnið að því að auka verulega hlut endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands. Ljóst er að gerð verður enn meiri krafa um að vörur séu fluttar á milli svæða á sem umhverfisvænastan hátt. Samkeppnisstaða íslensks vöruútflutnings ræðst því að hluta til af því hvernig tekst að lækka kolefnisfótspor í framleiðslu og flutningum. Íslendingar eru í kjörstöðu til að gera kolefnishlutleysi landsins og jafnvel **útflutning á tækni sem eyðir koltvísýringi** að einu helsta trompi landsins í alþjóðaumhverfinu.

Lausn loftslagsmála felst aðallega í þrennu. Í fyrsta lagi þarf að stórauka endurnýjanlega orkuvinnslu, í öðru lagi þarf að lækka kolefnisspor framleiðslu á vöru og þjónustu með nýsköpun og bættri nýtingu og í þriðja lagi þarf að fanga og nýta kolefni eða farga kolefni sem eftir stendur

Nýjar og hagkvæmar aðferðir til að beisla bæði vind- og sólarorku skapa tækifæri fyrir Íslendinga. Það á ekki síst við um vindinn sem nóg er til af héraendis. Vindorkuver á 1% af landinu mundi duga til þess að „hreinorkuvæða“ allar samgöngur innanlands og milli Íslands og annarra landa.

Bláa landið

Bláa hagkerfið, það er nýting alls haf- og vatnakerfisins í og við landið, getur skapað gríðarlega mörg tækifæri til framtíðar. Enginn getur vitað hvar mesta verðmætasköpun framtíðarinnar kann að liggja í bláa hagkerfinu; skógar hafsins, veiðar og vinnsla, eldi, sjávarlíftækni og orkuframleiðsla á hafi svo eitthvað sé nefnt. Það sem við vitum hins vegar er að **með því að hlúa að bláa hagkerfinu og nýsköpun eigum við framúrskarandi möguleika til þess að vera áfram forystuþjóð á þessu sviði.**

Ísland getur orðið **alþjóðleg miðstöð efnahagslegrar, vísindalegrar og menningarlegrar nýsköpunar sem tengist hafinu.**

Græna hagkerfið

Græna hagkerfið, þ.e. nýting landsins gæða á mikla möguleika til að tryggja fæðuöryggi Íslendinga, en ekki síður til aukins útflutnings. Aukin rannsóknarstarfsemi, ný tækni og aukin menntun styður við græna hagkerfið auk þess sem hlýnun andrúmslofts eykur möguleika á garðyrkju og margvíslegri landbúnaðarstarfsemi. Nýting grænnar orku er einstakt innlegg í þá áherslu sem þjóðin leggur á sjálfbærni og umhverfisvernd.

Norðurslóðir

Ísland hefur byggt upp eitt öflugasta flutninganet á Norðurslóðum sem þekkist. Á næstu árum og áratugum þarf að hlúa enn betur að þessari starfsemi þannig að landið geti orðið miðstöð atvinnustarfsemi, flutninga og áframvinnslu á þessum slóðum. Nýti Grænendingar þau miklu tækifæri til námuvinnslu sem þar er vitað er um getur þjónusta við þá atvinnugrein handan við hafið orðið veigamikil útflutningsgrein á Íslandi.

Framtíðarmarkaðir

Víðsvegar um heim er verið að velta því fyrir sér hvaða breytingar verða á mörkuðum og hvaða markaðir aukast að mikilvægi á næstu áratugum. **Markaðir sem tengjast umhverfinu og þeim takmörkunum sem það setur verða sífellt mikilvægari.** Þar eiga í hlut markaðir s.s. fyrir rafknúin farartæki, losunarheimildir, vetni, endurvinnslu plasts, endurheimt skóglendis, vatnsréttindi og vatnsgæði. Íslenskt atvinnulíf ætti að eiga mikil tækifæri á sviði vetnisframleiðslu, endurheimt skóglendis og í öllu sem snýr að notkun vatns.

Mikið verður lagt upp úr að valdefla og vernda fólk. Þar má nefna leitina að breiðvirkum víruslyfjum og nýrri kynslóð fúkkalyfja, sérsniðnum (precision) lyfjum og lyfjum fyrir sjaldgæfa sjúkdóma, umönnunarpjónustu, atvinnuleysistryggingar, gagnavinnslu, stafræna fjármálaþjónustu, fjarnám og endurmenntun, og uppbyggingu hæfnipátta hjá einstaklingum. Íslenskt atvinnulíf á mikla möguleika á að vera í fararbroddi á ýmsum af þessum sviðum, sérstaklega þegar kemur að hagnýtingu gagna og stafrænum lausnum. Allt sem tengist fjarnámi og menntun á líka að vera vel á færi Íslendinga að ná góðum árangri í.

Landamæri mannglegrar þekkingar eru sífellt að færast út og markaðir sem því tengjast. Gervigreind verður sífellt víðtækari. Meira verður unnið með DNA og erfðamengi. Gervitunglaþjónusta verður mikilvæg atvinnugrein. Íslenskir vísindamenn hafa verið framarlega á sviði erfðafræði og vonandi geta þeir haldið stöðu sinni í framtíðinni.

Fyrirtækin bæta samfélagið.

Íslenskt atvinnulíf mun þurfa að rísa undir síauknum kröfum frá samfélaginu **og það er ekki einfalt verkefni að ná árangri með háum launakostnaði, löngum fríum, háum sköttum og kröfuhörðu regluverki.** Hlutverk íslenskra stjórnenda er að ná árangri við þessi skilyrði.

Íslenskt atvinnulíf er ómissandi hluti af sjálfbæru samfélagi og sjálfbæru umhverfi og fyrirtækin þurfa að vera fjárhagslega sjálfbær til þess að geta risið undir auknum kröfum um samfélagslega ábyrgð. Arðsamur rekstur fyrirtækja verður alltaf forsenda framfara, betri lífskjara og sjálfbærrar þróunar samfélagsins og einstaklingar munu áfram þurfa að bera höfuðábyrð í samfélaginu í leiðandi hlutverkum í framtaki, nýsköpun og þróun atvinnulífsins.

Stjórnendur í atvinnulífinu munu því áfram þurfa að stefna að hagnaði í rekstri og skila eigendum sínum arði. Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi mun áfram þurfa að hafa þann hvata að árangur skili hagnaði og fjárhagslegum ábata þegar vel gengur til þeirra sem taka áhættu í rekstri eða valdi kostnaði og fjárhagslegu tjóni þegar miður fer.

Í framtíðinni verður mikil áhersla á jöfnuð í samfélaginu, ekki síst þegar einstaklingar og eigendur fyrirtækja sem ná miklum árangri á alþjóðlegum mörkuðum auðgast verulega og langt umfram það sem viðskipti á heimamarkaði geta gefið af sér. Samfelldar umræður munu verða um réttlæti hagnaðar í atvinnulífinu og hvernig skipta betri ávöxtunum af velgengni fyrirtækja. Farsælir stjórnendur og fjárfestar munu því ávallt þurfa að réttlæta stöðu sína og útskýra hvernig góður árangur þeirra gagnast öllu samfélaginu.

Framtíðarsamfélagið með háum launakostnaði og vel menntuðu fólki sem vinnur meira með hug en hönd breytir því líka hvernig stjórnendur þurfa að starfa. Nútímastjórnun og stjórnunarhættir í framtíðinni snúast um hvernig hægt er að **virka starfsfólk til dáða**. Þetta á jafnt við um atvinnulífið, hið opinbera og frjáls félagasamtök. Stjórnendur verða að geta tekið djarfar og góðar ákvarðanir en ekki í formi fyrirskipana og eftirlits með því að þeim sé hlýtt heldur á grundvelli upplýsinga, skýrrar stefnu og sýnar á framtíðina sem er vel miðlað og þeir veita starfsfólki sínu fræðslu, þjálfun og stuðning.

Þegar sífellt meira er treyst á mannshugann frekar en mannshöndina er nauðsynlegt að hvetja starfsfólk áfram með réttum hætti, sýna samhug og hrósa fólki eins og við getur átt. Allir starfsmenn þurfa að eiga sitt hlutverk í velgengni fyrirtækis síns og skilja að **heilbrigður metnaður felst í því að vöxtur og árangur byggist á því að skapa verðmæti fyrir aðra**.

Fyrirtæki verða að hafa tilgang sem bætir samfélagið. Langflest fyrirtæki hafa einhverja stefnu eða markmið með sínum rekstri sem getur verið formleg eða óformleg, meðvituð eða ómeðvituð. Markviss stefnumótun er ein helsta forsenda fagmennsku í stjórnun og rekstri. Í framtíðinni verður gerð ríkari krafa um að stjórnendur fyrirtækja útskýri hvernig starfsemi þeirra gagnast samfélaginu sem heild en ekki bara eigendum eða starfsfólki. Verðmætasköpun fyrirtækis fyrir viðskiptavini þess þarf líka að vera til góðs með því að kaup á viðkomandi vöru eða þjónustu bæti samfélagið með einum eða öðrum hætti.

Fyrirtæki munu aldrei losna við áföll eða erfiðleika í rekstri vegna utanaðkomandi aðstæðna eða innri vandamála. Breytingar eru alltaf nauðsynlegar og stundum eru þær sársaukafullar. Þá verður að sýna æðruleysi og sanngirni eins og hægt er en **stjórnandinn þarf að geta “kveikt ljósið”** og leitt fyrirtæki sitt í gegnum ágjöfina.

Fagmennska og gæði þurfa að einkenna íslenska stjórnunarmenningu og kröfuhart samfélag er spennandi áskorun að glíma við. Íslenskir stjórnendur þurfa að vera opnir fyrir nýjungum og nýjum lausnum. Vilji og geta til að uppfæra þekkingu og hæfni starfsfólks skiptir sífellt meira máli. Innan fyrirtækja og stofnana þarf að vera rík jafnréttisréttlætistilfinning og að framgangur í starfi byggji á árangri, forystugetu og góðri frammistöðu. **Meiri áhersla verður í framtíðinni á að enginn starfsmaður sitji eftir og að allir fái eðlilega hlutdeild í árangri fyrirtækisins**.

IV. Innflytjendastefna

Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, miðspá, gerir ráð fyrir því að íbúar landsins verði 431 þúsund á árinu 2050 og að 70 ára árgangurinn (4.651 manns) verði fjölmennari en fæðingarárgangurinn (4.382 manns).

Fjárfesting í fólki á að vera inntak nýrrar innflytjendastefnu.

Opin leið frá þróuðum ríkjum utan EES.

Laða að okkur háskólamenntað fólk og sérfræðinga.

Náum í fólk af íslenskum ættum.

Sérstakur stuðningur við ættleiðingar.

Hraðari og markvissari afgreiðsla umsókna frá hælisleitendum.

Styrkjakerfi fyrir erlenda námsmenn.

Íslenskukennsla verði stóraukin.

Íbúar á Íslandi voru 364 þúsund í ársbyrjun 2020 og 369 þúsund í ársbyrjun 2021. Á 20 ára tímabili frá 2001 til 2020 fjölgaði íbúum úr 283 þúsund í 364 þúsund eða um 28,5%. Þar af fjölgaði íbúum fæddum á Íslandi úr 271 þúsundi í 297 þúsund eða um 11,6%. Íbúum fæddum erlendis fjölgaði úr 17 þúsund í 67 þúsund eða um 294,4%. Hlutfall íbúa fæddir erlendis var 6,0% á árinu 2001 en 18,0% á árinu 2020.

Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, miðspá, gerir ráð fyrir því að íbúar landsins verði **431 þúsund á árinu 2050** og að á þessum árum fjölgi aðfluttum einstaklingum erlendis frá um 20 þúsund sem þýðir að hlutfall íbúa sem eru fæddir erlendis fari að nálgast fjórðung heildarfjöldans. Lágspá Hagstofunnar miðar við að íbúar á Íslandi verði 386 þúsund á árinu 2050 og verði þá farið að fækka.

Innflutningur fólks til Íslands hefur haft **afgerandi áhrif á vöxt samfélagsins og efnahagslífsins** síðustu tvo áratugina. Að meðaltali hafa nálægt 600 íslenskir ríkisborgarar flutt af landi brott árlega síðustu 20 árin en hátt í 2.500 erlendir ríkisborgarar hafa að meðaltali verið að flytja árlega til landsins.

Innflytjendur hafa fyrst og fremst mannað ýmis konar störf fyrir ófaglært fólk og iðnaðarmenn en síður gert sig gildandi í sérfræðistörfum sem krefjast háskólamenntunar.

Hagvöxtur undanfarinna ára á Íslandi hefði verið óhugsandi án þessara innflytjenda og þeir hafa enn fremur haft afgerandi þýðingu fyrir byggð á ýmsum stöðum á landsbyggðinni. Þessi þróun hefur samt sem áður vissa ókosti og leggja þer aukna áherslu á að hingað komi sérfræðingar, faglært og háskólamentað fólk sem getur tekið þátt í uppbyggingu hagvaxtar á sviði fjórðu iðnbyltingarinnar

Miðspá Hagstofu Íslands miðar við mun hægari fólksfjölgun en verið hefur síðustu 20 árin þegar íbúum fjölgaði um 81 þúsund. Fjölgunin á 30 ára tímabili er aðeins 67 þúsund manns samkvæmt spánni. Á sama tíma er öldruðum að fjölga og í **miðspánni er gert ráð fyrir því árið 2050 að 70 ára árgangurinn (4.651 manns) verði fjölmennari en fæðingarárgangurinn (4.382 manns).**

Íslenskt atvinnulíf og samfélag mun standa frammi fyrir margháttuðum vandamálum ef íbúapróun verður í takt við mannfjöldaspá Hagstofunnar. Hægja mun á hagvexti, fjárfestingar dragast saman og margs konar **uppdráttarsýki einkenna samfélag og atvinnulíf.**

Innflytjendastefna Íslands þarf að miða að því að laða til landsins fólk sem getur stutt við áframhaldandi framfarasókn þjóðarinnar og viðleitni til að skapa Íslandi traustan sess í hópi fyrirmyndarríkja. Hingað til hefur ekki verið markviss stefna mörkuð til að fá fólk til að koma til Íslands heldur hefur fólk komið hingað fyrst og fremst frá EES löndum til að fullnægja eftirspurn eftir vinnuafli á einstökum sviðum. Sú staða getur auðveldlega komið upp að hagvöxtur í þeim löndum þaðan sem fólk hefur komið til landsins leiði til þess að áhugi á störfum á Íslandi minnki.

Fjárfesting í fólki á að vera inntak nýrrar innflytjendastefnu. Þjóðin þarf að laða til sín fólk sem er tilbúið til að koma til landsins, leggja sitt af mörkum á vinnumarkaðnum og skapa meiri verðmæti fyrir allt samfélagið. Horfa þarf til allra atvinnugreina og ekki síst til starfa sem krefjast háskólamenntunar, sérhæfingar af ýmsum toga, og nýsköpunarstarfs.

Helsta samkeppnistæki þjóðarinnar er samfélagið sjálft sem þjóðin hefur byggt upp. Persónulegt og félagslegt öryggi er mikið, velferðarkerfið er öflugt, jafnrétti og jöfnuður eru með því sem best gerist, áhugaverð störf eru í boði og líf skjör eru vel samkeppnisfær. Samfélagið er umburðarlynt og öfgalítið. Samfélagið þarf að stækka og getur stækkað mikið áður en það verður stórt og þá farið að búa við vandamál stórra samfélaga. Á Íslandi skiptir hver einstaklingur máli.

Ný innflytjendastefna felur m.a. í sér eftirfarandi þætti:

Opin leið frá ríkjum utan EES.

Fólk sem býr í þróuðum ríkjum utan EES eiga að geta komið til Íslands með fjölskyldur sínar í atvinnuleit eða hafið uppbyggingu á eigin rekstri og fengið tímabundið dvalarleyfi. Þetta fólk á jafnframt að geta búið á Íslandi og unnið í fjarvinnu hvar sem er í heiminum.

Greiði fólkið skatta af atvinnutekjum á Íslandi á það að geta fengið varanlegt dvalarleyfi og síðan ríkisborgararétt.

Laða til Íslands háskólamenntað fólk og sérfræðinga.

Skilgreina þarf tiltekna greinar háskólamenntunar þar sem fólk alls staðar að úr heiminum með viðurkenndar æðri háskólagráður á að geta komið til Íslands með fjölskyldur sínar í atvinnuleit, til að starfa sjálfstætt eða stofna eigin rekstur og fengið tímabundið dvalarleyfi. Greiði fólkið skatta af atvinnutekjum sínum á Íslandi á það að geta fengið varanlegt dvalarleyfi og síðan ríkisborgararétt.

Náum í fólk af íslenskum ættum.

Gera þarf sérstakt kynningarátak til að vekja athygli fólks af íslenskum ættum í Vesturheimi til að koma til Íslands og búa hér í skemmri eða lengri tíma. Sérstök námskeið í íslensku og íslenskri sögu og menningu ættu að vera í boði fyrir þetta fólk.

Sérstakur stuðningur við ættleiðingar.

Sérstakt stuðningskerfi ætti að byggja upp innan utanríkisþjónustunnar til að aðstoða fólk við ættleiðingar á börnum erlendis frá. Leggja þarf vinnu í að byggja upp ættleiðingarsambönd víða um heim og meðal annars beina sjónum að munaðarlausum börnum á flóttu. Tryggja þarf nægan stuðning við fólk og aðlögun barna að nýjum heimilum þegar heim er komið með ættleitt barn. Kröfur til ættleiðingar eru of stífar. Þá mætti styðja sérstaklega við einstaklinga sem eiga við frjósemisvanda að stríða og hafa áhuga á að ættleiða börn.

Hraðari og markvissari afgreiðsla umsókna frá hælisleitendum.

Auka þarf skilvirkni í afgreiðslu umsókna frá hælisleitendum þannig að fólk sé ekki sett í langvarandi óvissu um möguleika á dvalarleyfi á grundvelli verndar. Skýr skilaboð þurfa að liggja fyrir um frá hvaða löndum hægt er að sækja um vernd og hvernig staðið er að framkvæmd Dyflinnarreglugerðarinnar eða annarra samstarfssamninga. Hælisleitendur sem á annað borð fá að dvelja á Íslandi umfram ákveðinn tíma eiga að fá atvinnuleyfi og varanlegt dvalarleyfi ef þeir hafa stundað atvinnu og greitt skatta yfir fyrirfram skilgreint tímabil. Fjöldi hælisleitenda sem Ísland tekur við þarf að vera í samhengi við getu til þess að standa undir kostnaðinum og því er æskilegt að hælisleitendur geti sem fyrst komist á vinnumarkaðinn og lagt af mörkum til samfélagsins. Ísland hlýtur að uppfylla skyldur sínar um móttöku hælisleitenda en aðgangur án framlags að landinu, auðlindum þess og velferðarkerfi getur ekki verið óheftur.

Styrkjakerfi fyrir erlenda námsmenn.

Setja þarf upp sérstakt styrkjakerfi fyrir öflugum erlendum nemendum til að stunda nám í tilteknum greinum á sviði háskólanáms eða iðnnáms hér á landi. Sem hluta af þessu kerfi

ætti að bjóða upp á ársnám í íslensku og íslenskri menningu áður en námið hefst. Þeir erlendu nemendur sem ljúka háskólanámi með þessum hætti eiga að fá varanlegt dvalarleyfi og geta sest að á Íslandi og orðið ríkisborgarar.

Íslenskukennsla stóraukin.

Stórauka þarf íslenskukennslu og samfélags- og menningarfræðslu fyrir innflytjendur. Sérstaklega þarf að tryggja öflugan stuðning við íslenskunám barna af erlendum uppruna. Gera þarf kröfur til innflytjenda um íslenskukunnáttu varðandi réttindamyndun og setja upp nauðsynlega hvata til þess að innflytjendur velji að læra vel tungumálið og öðlast þekkingu á samfélaginu og menningu þess. Mikilvægt er að tryggja að íslensk tunga og menning verði áfram miðpunktur og sameiningarafl í samfélaginu samhliða fyrir fjölgun innflytjenda og aukin áhrif af stefnum og menningarstraumum erlendis frá.

V. Skapandi Ísland

Stærsta verkefnið verður án efa að gera íslenskuna færa um að nýttast og vera notuð.

Hið opinbera þarf að leggja fyrst og fremst kapp á að verða kaupandi að fjölbreyttu íslensku menningarefni.

Bein og milliliðalaus viðskipti, skapa tækifæri fyrir stóran hóp listamanna til að styrkja stöðu sína.

Brjóta þarf þá múra sem eru á milli greina eins og hönnunar og lista annars vegar og atvinnulífs hins vegar.

Sköpun er forsenda framfara og verðmætasköpunar. Hvort heldur er sköpun efnahagslegra verðmæta (oft kölluð nýsköpun) eða menningarlegra verðmæta (oft kölluð listsköpun). Þessi mismunandi verðmæti eru tengd órjúfanlegum böndum. Efnahagsleg verðmæti standa undir fjármögnun hins opinbera á menningarlegri starfsemi eins og söfnum, leikhúsum, menningarlegri útgáfu o.s.frv. Þá felur listsköpun einnig í sér efnahagsleg verðmæti fyrir marga sem eru tilbúnir að greiða fyrir fjárfestingu, neyslu og upplifun þeirra. Þá elur samfélag sem er ríkt af menningarlegum og efnahagslegum verðmætum af sér hugmyndaauðgi og frjóa hugsun svo dæmi séu tekin sem eru fjárfesting í sköpun framtíðar.

Ávallt er erfitt að spá fyrir um framtíðina, hún er eins og óskrifuð bók. Íslensk menning verður samt án efa rauði þráðurinn í framtíðarbók Íslands og hnýtir saman samfélagið með sitt skapandi, sjálfbæra og opna hagkerfi.

Tungumálið er kjarni menningararfleifðar okkar. Íslenskan má ekki verða rykfallinn safngripur sem glatast vegna fordóma og réttitunaráráttu. Íslenskan á að varðveita sérstöðu sína, íslenska greininn og sögu, og jafnvel umfaðma þágufallið. En stærsta verkefnið verður án efa að **gera íslenskuna færa um að nýttast og vera notuð** af komandi kynslóðum bæði í raunheimum og netheimum og af þeirri gervigreindartækni sem nýtt verður í framtíðinni.

Menning okkar er í samkeppni um athygli við allan heiminn. Hún þarf að vera lifandi, áhugaverð, nútímaleg og fyrir alla. Það er almennt vandamál um allan heim að listamenn búa iðulega við mikið óryggi varðandi afkomu sína og að hrein fátækt blasi við ef illa gengur eða áföll verða. Margir eru vissulega tilbúnir til að fórna miklu fyrir listina en hér þarf að finna eðlilegt jafnvægi milli stuðnings og sjálfþöku á opinberu fé. Öflugur opinber stuðningur við fjölbreytta listmenntun, stuðningur og hvatning fyrir listafólk og gott velferðarkerfi spila stórt hlutverk í að efla allt menningar- og listastarf hérlendis til framtíðar. Tryggja þarf greiðan aðgang listamanna að því réttindakerfi sem byggir á hinu hefðbundna ráðningarformi á vinnumarkaði.

Þeir innlendu miðlar, sem áður voru oft kyndilberar íslenskrar menningar og fréttar, keppa nú við erlenda miðla sem njóta algerra forréttinda að því leyti að þeir eru ekki skattlagðir á Íslandi en hver sem er getur nýtt sér milliliðalaust þjónustu og frétttaflutning fjölmiðla hvar sem er í heiminum. Þá hefur fréttaveitum af ýmsu tagi fjölgað gríðarlega. Þannig er stór hluti þjóðarinnar að ritstýra eigin efni á netið nær daglega. Það þóttu tímamót þegar lýsislampinn var tekinn í notkun á íslenskum bóndabæjum fyrir nokkrum árhundruðum, en þá gat “hver og einn lesið í sínu horni”. Nú getur fólk ekki aðeins innbyrt meiri upplýsingar í snjallsímanum en nokkru sinni fyrr heldur getur það einnig stundað viðamikinn frétttaflutning með þessu litla tæki. Meira magn er þó ekki alltaf vísbending um meiri gæði og vönduð fjölmiðlun er mikilvæg í lýðræðisþjóðfélagi. Bætt samkeppnisstaða innlendra fréttafjölmiðla eflir lýðræðislega umræðu og styrkir íslenska menningu. Hið opinbera þarf að endurhugsa fjölmiðlastarfsemi sína og leggja fyrst og fremst kapp á að **verða kaupandi að fjölbreyttu íslensku menningarefni**. Þar má sérstaklega nefna innlenda þátta- og kvikmyndagerð. Fjölmiðlar og fjölmiðlun munu taka miklum breytingum á næstu áratugum og hlutverk opinberra stofnana í framleiðslu efnis og miðlun getur ekki annað en minnkað. Áður byggðust opinberar stofnanir í menningarstarfsemi og fjölmiðlun upp til að tryggja myndarlega starfsemi á menningarsviðinu og nauðsynlega fjölmiðlun. Í framtíðinni ætti hlutverk hins opinbera meira að beinast að stuðningi við innviði og rekstri þeirra eins og þarf en að stuðla að fjölbreytni í sköpun, framleiðslu og dreifingu sjálfstæðra aðila á íslensku menningarefni.

Magn menningarefnis mun aukast gríðarlega samfara auknum flutningshraða á netinu og bættu aðgengi að alþjóðlegu efni. Snjallsíminn, sem geymir gagnamagn sem svipar til tölvu sem var á stærð við 3ja herbergja íbúð árið 1980, er orðinn endalaus streymisveita af hugmyndum, fréttum og menningu. Þetta mikla magn menningar og gerbreytt form samskipta listamanna og neytenda kallar á viðamiklar breytingar á lista- og menningarmarkaði. Líklegt er að á næstu árum breikki bilið í hópi listamanna; fáir nái alþjóðlegri frægð og hafi mjög mikið milli handanna á meðan stórir hópar búi við svipaðar aðstæður og nú. Þessi þróun hefur átt sér stað á nær öllum sviðum; menningu, íþróttum og viðskiptum, og mun verða meira áberandi í listum á komandi árum og áratugum. Það er sannarlega enginn skaði skeður þótt vel ári hjá fámennum hópi listamanna í framtíðinni en breytt umhverfi í samskiptum listamanna og neytenda kalla á nýjar aðferðir og þekkingu hjá listafólki almennt. Tileinkun nýrra aðferða í samskiptum listamanna og neytenda, **bein og milliliðalaus viðskipti, skapa tækifæri fyrir stóran hóp listamanna til að styrkja stöðu sína.**

Fleiri greinar lista verða netvæddari. Þannig mun myndlist og sviðslistir verða netvæddar að hluta eins og kvikmyndir, tölvuleikir og tónlist. Þessi breyting opnar nýja markaði en þjóðfélagið þarf að fylgja breytingunum eftir og leggja áherslu á að undirbúa nýjar kynslóðir fyrir þessar breytingar. Allt menntakerfið þarf að aðlagast þessum breytingum. Menntun í framtíðarþjóðfélaginu þarf að snúast meira um að **efla gagnrýna og skapandi hugsun og að efla félagsfærni.** Þá þarf að gera sem flestum hópum kleift að nýta sér netvæðinguna.

Hönnun og hönnunarhugsun teygir sig inn á nær öll svið mannlífsins á næstu árum og áratugum. Hönnun er ekki lengur hugsuð sem teikning, málverk eða gerð bolla, hún teygir sig inn á svið upplýsinga, tækni, sjálfbærni og stjórnunar svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að **brjóta þá múra sem eru á milli greina eins og hönnunar og lista annars vegar og atvinnulífs hins vegar.** Menntastofnanir á þessum sviðum eiga að skoða samruna eða aukna samvinnu. Allir nemendur í t.d. viðskiptum, læknisfræði og verkfræði þurfa að tileinka sér hönnunarhugsun. Hönnuðir og listamenn þurfa einnig að tileinka sér hæfni í rekstri.

Hraðar breytingar í stafrænum heimi munu ekki þýða endalok hittingsins. Netvæðingin þýðir ekki að fólk hætti að sækja menningarviðburði og missi áhugann á að hittast á mannamótum. Stofnunum, sem gegna ýmsu varðveislu- og menningarhlutverki, þarf að hlúa sem best að. Samhliða mikilvægu varðveisluhlutverki hins opinbera í tengslum við menningu þarf hið opinbera að leggja kapp á að **fjárfesta í fólki og þekkingu í skapandi þjóðfélagi framtíðarinnar.**

VI. Íslenskur vinnumarkaður

Vinnumarkaðurinn er orðinn alþjóðlegur og líf skjör okkar byggjast á því hvað við höfum fram að færa fyrir aðrar þjóðir,

Ýmsir samverkandi þættir gera Ísland að eftirsóknarverðum stað til að setjast að á og stofna fjölskyldu.

Stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi og vinnumarkaður er hagsmunamál fyrir launafólk.

Svo virðist sem væntingar um 6% árlegar launahækkanir séu inngrónar á vinnumarkaðnum.

Með óbreytt ástand er fyrirsjáanlegt að vextir muni áfram vera hærri en t.d. á Norðurlöndum í ljósi hærri verðbólgu.

Fólk á vinnumarkaði getur búist við því að þurfa að skipta um starf nokkrum sinnum á starfsævinni og jafnvel að skapa sér sitt eigið starf.

Fólk þarf að uppfæra þekkingu sína og færni og getu til að fara milli starfa og jafnvel inn á algjörlega nýjan starfsvettvang

Í framtíðinni mun þurfa áherslu á að byggja upp andlegan styrk og vinna gegn kulnun í starfi og ýmis konar fylgikvillum of mikils álags á mannshugann.

Síbreytilegur heimur og tækniframfarir hafa gert fólki hvaðanæva að úr heiminum kleift að starfa við verkefni um allan heim úr tölvu heima í stofu. Þessi alþjóðavæðing býður upp á ótal tækifæri fyrir Íslendinga til að vaxa út fyrir landsteinanna.

Vinnumarkaðurinn er orðinn alþjóðlegur. Samkeppni landa um fólk og fyrirtæki hefur aldrei verið meiri. Ungt og metnaðarfullt fólk sækir sér menntun og reynslu erlendis og margir sjá hag sinn í að flytja þá þekkingu aftur til Íslands. Aðrir framleiða vörur og þjónustu á Íslandi fyrir erlenda markaði. Enn aðrir fara á vit ævintýrana og flytja til Íslands í leit að tækifærum þrátt fyrir að hafa engin tengsl við landið.

Líf skjör okkar sem þjóðar byggjast fyrst og fremst á því **hvað við höfum fram að færa fyrir aðrar þjóðir**, hvort við náum að skapa verðmæti í vörum og þjónustu sem aðrir vilja kaupa. Kröftugt atvinnulíf og sterk útflutningsfyrirtæki hafa staðið undir verðmæta- og atvinnusköpun í landinu með þeim árangri að Ísland býður ein bestu launa- og líf skjör í heimi. Þá hefur Ísland borið gæfu til þess að þróa kröftugt menntakerfi, heilbrigðiskerfi og

velferðarkerfi. Að ógleymdri lágri glæpatíðni, jafnari tækifærum en víðast hvar annars staðar og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda sem skiptir fólk sífelld meira máli. Samanlagt hafa gera þessir þættir og fleiri **gert Ísland að eftirsóknarverðum stað til að setjast að á og stofna fjölskyldu.**

Ýmis önnur ríki bjóða líka upp á aðlaðandi aðstæður fyrir fólk að hasla sér völl á vinnumarkaði og búa sér heimili. Þannig hafa fleiri Íslendingar verið að flytjast frá landinu en snúa heim en innflytjendur hafa meira en bætt upp brottflutning Íslendinga. Íslenskur vinnumarkaður verður **í meiri samkeppni um fólk í framtíðinni**, ekki síst í sérhæfðum störfum og þekkingarstörfum. Íslenskur vinnumarkaður verður því að þróast áfram til aukinnar samkeppnishæfni þannig að fleiri velji að búa á Íslandi í framtíðinni.

Eftirsóknarverður vinnumarkaður til frambúðar

Rúm 30 ár eru síðan aðilar vinnumarkaðarins með stuðningi stjórnvalda skrifuðu undir Þjóðarsáttarsamningana þar sem sameiginlegir hagsmunir launafólks, atvinnurekenda og þjóðarinnar mörkuðu endalok óðaverðbólgu og gengisfellinga. Í kjölfarið tók við tímabil þar sem kaupmáttur launafólks og lífsgæði jukust hraðar en nokkru sinni fyrr. Þessir tímamótasamningar færðu íslenskan vinnumarkað nær því sem var á Norðurlöndunum. Síðan þá hefur **vinnumarkaðurinn á Norðurlöndunum tekið stór skref til umbóta** þar sem kjarasamningar eru gerðir fyrir hverja atvinnugrein og útflutningsfyrirtækin gefa merkið um svigrúm til launahækkana þvert á vinnumarkaðinn.

Tilraunir hafa verið gerðar til þess að færa íslenskan vinnumarkað nær því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum en þær hafa runnið út í sandinn. Í alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki og fólk eru Norðurlöndin því skrefi á undan Íslandi. **Stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi og vinnumarkaður er hagsmunamál fyrir launafólk** líkt og kom fram í skýrslu Steinar Holden, hagfræðiprófessor við Oslóarháskóla, sem hann gerði fyrir heildarsamtök á vinnumarkaði. Þar leggur hann til grunn að nýju íslensku samningalíkani sem byggir á reynslu Norðurlandanna þar sem hóflegar launahækkningar eru almannagæði.

Launahækkningar mældar með launavísitölu hafa verið að meðaltali um 6% á ári frá tíma þjóðarsáttar. Verðlag hefur að meðaltali hækkað um 4% á ári á sama tíma. **Svo virðist sem væntingar um 6% árlegar launahækkningar séu inngrónar á vinnumarkaðnum.** Viðleitni heildarsamtaka á vinnumarkaði til að takmarka hækkningar launa og verðlags á lægri nótum hafa ekki gengið eftir, ýmist vegna niðurstöðu samninga við einstaka hópa eða launaskriðs. Afleiðingin er m.a. sú að gengi krónunnar hefur farið lækkanandi og vextir verið hærri á Íslandi en í nágrannalöndunum. **Með óbreytt ástand er fyrirsjáanlegt að vextir muni áfram vera hærri en t.d. á Norðurlöndum í ljósi hærri verðbólgu.**

Samhliða hröðum samfélagsbreytingum og tækniframförum hefur hark hagkerfinu (Gig-economy) vaxið fiskur um hrygg á 21. öldinni þar sem **einstaklingar sjá hag sinn í því**

að vera ekki í föstu ráðningasambandi heldur stjórna því sjálfir hvenær og við hvað þeir starfa. Á sama tíma eru fyrirtæki **ekki að leita að fólki í störf heldur í verkefni** sem oft eru tímabundin. Þetta fyrirkomulag fellur illa að hefðbundnu skipulagi vinnumarkaðarins og veldur því að þeir sem kjósa þessa leið falla milli skips og bryggju þar sem flókið er að tryggja sér sömu réttindi og öðru launafólki svo sem í gegnum sjúkrasjóði, atvinnuleysisstryggingu og lífeyrisréttindi.

Samfélagsbreytingarnar sem nú ganga yfir felast líka í því að fólk á vinnumarkaði getur búist við því að þurfa að **skipta um starf nokkrum sinnum á starfsævinni og jafnvel að skapa sér sitt eigið starf**. Sá tími er liðinn þegar fólk gat búist við því að ganga inn í starf við innkomuna á vinnumarkaðinn þar sem fólk gat varið starfskröftum sínum alla starfsævina, helst hjá sama vinnuveitanda. Þetta þýðir að fólk þarf sífellt að vera að **uppfæra þekkingu sína og færni og getu til að fara milli starfa og jafnvel inn á algjörlega nýjan starfsvettvang**. Fyrirtæki þurfa að leggja mikla áherslu á starfsþjálfun starfsfólks til að auka getu þess til að takast á við ný og krefjandi verkefni. Stærsti hluti af menntun fólks eftir að skólagöngu lýkur fer fram á vinnustöðunum.

Mannshugurinn verður sífellt mikilvægari í störfum framtíðarinnar þegar þörfin fyrir mannshöndina minnkar. Álagið af störfum færir þá frá því að vera líkamlegt álag í að vera andlegt eða hugrænt álag. Mikil vinna hefur verið lögð í uppbyggingu öryggismenningar og vinnuaðstæðna á vinnustöðum til að létta líkamlegt álag og koma í veg fyrir slys og líkamlegt tjón. Í framtíðinni mun þurfa sambærilega áherslu á að **byggja upp andlegan styrk og vinna gegn kulnun í starfi og ýmis konar fylgikvillum of mikils álags á mannshugann**.

Framtíðarverkefni á vinnumarkaði

Innleiðing vinnumarkaðslíkans að norrænni fyrirmynd. Aðilar vinnumarkaðarins þurfa að ná saman um skilvirkari vinnubrögð og langtímahugsun til að lækka væntingar um launa- og verðlagshækkanir.

Uppfærsla réttindakerfa vegna fjölbreyttra ráðningarforma. Stuðla þarf að greiðari og auðveldari skilum vegna iðgjalda í lífeyrisjóði, sjúkrasjóði, staðgreiðslu og annarra gjalda fyrir þá sem ekki eru í föstu ráðningarsambandi. Ennfremur þarf að tryggja að þessir einstaklingar séu ekki utanvelta í velferðarkerfinu.

Brúa þarf umönnunarbilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Mæður lækka í launum við barneignir á meðan feður hækka í launum. Eitt stærsta skref í átt að jöfnum tækifærum á vinnumarkaði væri að búa bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar.

Mótun stuðningskerfis og vinnustaðamennningar til að verjast óheppilegum afleiðingum aukins hugræns eða andlegs álags sem fylgir breyttum atvinnuháttum.

Ævilöng menntun og starfspjálfun á vinnustöðum eða í vinnutengdu námi og námi með vinnu verður órjúfanlegur þáttur í vinnumarkaði framtíðarinnar. Heimurinn breytist hraðar en nokkru sinni fyrr og er það ekki síður hlutverk atvinnurekanda að gera starfsfólki sínu kleift að tileinka sér nýja færni og hæfni.

Sveigjanlegri vinnumarkaður þar sem fólk á auðveldara með að fara milli starfa, starfssviða og atvinnugreina m.a. aðgangi að viðeigandi viðbótarmenntun. Fólk þarf að geta stundað nám með vinnu eða unnið meðfram námi.

Sveigjanlegri starfslok þar sem fólk sem nálgast lífeyrisaldur getur ýmist dregið smám saman úr atvinnuþátttöku eða fært sig í álagsminni störf. Fólk á líka að geta unnið meðfram töku lífeyris.

Fjárhagslegir hvatar til að bjóða uppá fleiri hlutastörf fyrir ungt fólk og þá sem hafa þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna kulnunar, örorku eða annarra ástæðna. Ennfremur fyrir eldra fólk sem vill minnka við sig en ekki hverfa alfarið af vinnumarkaði.

VII. Menntun og rannsóknir

Hlutverk menntakerfisins er að undirbúa einstaklinga undir óráðna framtíð og samhliða þarf að leggja áherslu á nýjar víddir og endurmenntun.

Mikilvægt er að rækta hæfileika ungs fólks til rökhugsunar, nýsköpunar og öflugra samskipta.

Horft verði til leikskólastigsins sem fyrsta skólastigsins.

Tryggja þarf fjölbreyttar tegundir menntastofnana.

Íslenskar menntastofnanir eru í algjöru lykilhlutverki í sókn og vörn fyrir íslenska tungu.

Auka þarf veg iðn- og starfsnáms.

Næsta kynslóð þarf að vera undirbúin til að víkka sjóndeildarhringinn og sækja sér framhaldsmenntun erlendis.

Háskólasamfélagið þarf að vera á tánum varðandi símenntun og endurmenntun.

Vöxtur og viðgangur hvernar þjóðar byggir meðal annars á því að einstaklingar búi yfir þekkingu og getu sem þarf á hverjum tíma til að skapa verðmæti og standa undir þeim tekjum sem til þarf til að halda uppi góðum lífskjörum og almennri velferð.

Menntakerfið mun þurfa að takast á við ýmsar áskoranir í framtíðinni enda **hlutverk þess að undirbúa einstaklinga undir óráðna framtíð**. Samhliða þarf menntakerfið að **leggja áherslu á nýjar víddir og endurmenntun** þar sem einstaklingar á vinnumarkaði þurfa sífellt að vera að endurnýja og víkka út þekkingu sína.

Eitt helsta verkefni menntakerfis framtíðarinnar er að **rækta hæfileika ungs fólks til rökhugsunar, nýsköpunar og öflugra samskipta**. Horfa skal til nýrra kennsluaðferða þar sem netvæðing og tækniframfarir skipa stóran sess.

Mikilvægt er að horft verði til **leikskólastigsins sem fyrsta skólastigsins**. Þar fer meðal annars fram málörvun, þjálfun í samskiptum, rökhugsun, hönnun og listsköpun. Þar skal unnið með snemmtæka íhlutun og almennt forvarnarstarf þannig að unnt verði að grípa

fljótt þá einstaklinga sem þurfa aukinn stuðning. Ekki má svo gleyma mikilvægi leikskólastigsins í að tryggja það að báðir/allir foreldrar sjái sér fært að taka þátt á vinnumarkaði, en þar gegnir leikskólastigið þýðingarmiklu jafnréttishlutverki.

Tryggja þarf **fjölbreyttar tegundir menntastofnana**. Leggja þarf áherslu á að hér séu starfræktir alþjóðlegir skólar þar sem í boði eru bæði tvítyngdar námsleiðir sem og enskumælandi. Jafnframt þarf að tryggja almennan stuðning í menntakerfinu varðandi íslenskukennslu og samfélags- og menningarfræðslu fyrir innflytjendur og börn af erlendum uppruna.

Íslenskar menntastofnanir eru í **algjöru lykilhlutverki í sókn og vörn fyrir íslenska tungu**. Í grunnskólum verður að bjóða uppá viðbótarnám í íslensku fyrir börn sem hafa annað móðurmál auk þess að tryggja jafnframt færni þeirra í móðurmáli sínu. Börn af erlendum uppruna þurfa að hafa náð fullri færni í íslensku að loknu námi í grunnskóla. Framhaldsskólar og háskólar þurfa jafnframt að tryggja að erlendir nemendur sem hyggjast hasla sér völl í íslensku samfélagi hafi haft aðstöðu til að læra íslensku sem dugar þeim á vinnumarkaðnum og í samskiptum.

Auka þarf veg iðn- og starfsnáms en OECD hefur t.d. bent á að færnismisræmi sé á íslenskum vinnumarkaði þ.e. að of fáir iðn- og tæknimenntaðir útskrifist. Slíkt misræmi hefur slæm áhrif á samkeppnisstöðu landsins enda þörf á iðnmenntuðu starfsfólki í fjölda atvinnugreina, til að mynda í hugverkaiðnað og hátækni. Í þessu sambandi þarf að tryggja að lög og reglur stjórnvalda sé ekki að hamlandi þáttur.

Næsta kynslóð þarf að vera undirbúin að víkka sjóndeildarhringinn og sækja sér **framhaldsmenntun erlendis**. Tryggja þarf góðan grunn í erlendum tungumálum og þekkingu á fjölbreyttri menningu og siðum heimsins.

Fjölbreyttari háskólamenntun og aukin kraftur í metnaðarfullri rannsóknastarfsemi sem næra kennslu, stuðla að nýsköpun og bæta nýrri þekkingu inn í atvinnulífið og samfélagið er mikilvæg og skilar sér í uppbyggingu á fjölbreyttum og þekkingardrífnum fyrirtækjum.

Háskólaumhverfið á að leggja áherslu á samstarf bæði innlands og erlendis með heildarhagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Í því felst meðal annars **virk þátttaka í mótun og uppbyggingu atvinnulífsins**. Tryggja þarf markvisst samstarf íslensks háskólasamfélags við leiðandi erlenda háskóla og rannsóknastofnanir ásamt því að leggja áherslu á þjálfun nemenda í alþjóðlegum samskiptum.

Lega landsins, nánd við náttúruna, smæð landsins og velferðin skapar hér kjörskilyrði til þess að byggja upp eftirsóknarverða háskólamenntun á heimsmælikvarða. Ísland er í dauðafæri til að laða til sín framúrskarandi erlenda nemendur í háskólamenntun í greinum þar sem Ísland hefur sérstöðu eins og sjávarútvegi, jarðfræði, auðlindafræðum og orku- og umhverfisverkfræði svo örfá dæmi séu tekin. Markviss stuðningur við slíkar greinar

væri fjárfesting í fólki sem líklegt er til að festa rætur á Íslandi og gera **háskólamenntun að öflugri útflutningsatvinnugrein** á Íslandi.

Háskólasamfélagið þarf að vera á tánum varðandi símenntun og endurmenntun því þær samfélagsbreytingar sem nú ganga yfir gera það að verkum að einstaklingar þurfa að uppfæra þekkingu sína og færni með reglulegum hætti. Fyrirtæki þurfa jafnframt að leggja áherslu á starfsþjálfun starfsfólks til að auka framleiðni og getu til að takast á við ný og krefjandi verkefni.

VIII. Heilbrigðismál

Fjölgun aldraðra fylgja almennt aukin útgjöld til heilbrigðismála en líka verða ellilífeyrisþegar í framtíðinni skattgreiðendur vegna uppbyggingar lífeyrisjóðakerfisins.

Þeim sem upplifa kulnun í starfi fjölgar og geðraskanir eru algengasta orsök nýgengi örorku.

Hin hefðbundna heilbrigðisþjónusta er hluti af stærra mengi af starfsemi sem snýst um að bæta og viðhalda heilsu og heilbrigði.

Markmið heilbrigðisþjónustunnar og annarra sem eru að vinna að heilsu og heilbrigði á að vera að hver einstaklingur geti búið við góða heilsu vel fram á efri ár.

Endurskipuleggja þarf stærri hluta af heilsugæslu og fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu þar sem fjárfesting í þjónustu við einstaklinga eins snemma og mögulegt er í ferli sem annars leiðir til sjúkdóma og óvinnufærni skilar sér margfalt til samfélagsins.

Heilbrigðisþjónustan og heilsutengd starfsemi þarf að vera notendadrifin og útkomudrifin. Þess vegna er gæðaleg og fjárhagsleg samkeppni innan heilbrigðiskerfisins nauðsynleg. Fjölbreytt rekstrarform styðja við þetta.

Fjölbreytni í fjárfestingum í innviðum heilbrigðisþjónustu er æskileg þar sem hægt er að fá fleiri að því að byggja hraðar upp aðstöðu og bæta tækjakost.

Biðröðum þarf að eyða og ekki mega myndast fjárhagslegar aðgangstakmarkanir.

Heilbrigði Íslensku þjóðarinnar er með því besta sem gerist í heiminum þegar borin er saman væntanleg ævilengd milli þjóða. Nýfæddur Íslendingur gat á árinu 2019 búist við að verða 83 ára. Árangur íslenska heilbrigðiskerfisins er því ótvíræður á þennan grunnmælikvarða þótt margt fleira skýri auknar lífslíkur. Í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands kemur fram að rúmlega 75% svarenda segjast vera við góða heilsu og það hlutfall hefur verið mjög stöðugt mörg undanfarin ár. Íslendingar sem hafa náð **65 ára aldri geta almennt búist við því að lifa þokkalega virku lífi til áttæðs.**

Fjölbreyttir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og árangur heilbrigðiskerfa bæði innan og milli ríkja. Þannig eru t.d. borin saman útgjöld til heilbrigðismála, margvíslegar heilsufars- og sjúkdómaupplýsingar, lyfjanotkun, fjöldi starfsmanna og fjárfestingar í sjúkrahúsum og tækjum. Nú eru t.d. um 270 íbúar um hvern lækni á Íslandi en þessi tala var um 400 á síðasta áratug síðustu aldar. Nú eru um 115 íbúar um hvern hjúkrunarfræðing en voru um 155 fyrir 20 – 30 árum. **Heilbrigðiskerfið hefur því verið að vaxa á þennan mælikvarða.**

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu hafa sveiflast nokkuð á undanförunum tveimur áratugum, frá 6,7% í 8,5%, mest eftir því hvernig staðið hefur á með hagsveiflur og launahækkanir heilbrigðisstarfsfólks. **Útgjöld hins opinbera á mann á föstu verðlagi 2020 (verðvísitala samneyslu) hafa hins vegar verið nokkuð stöðug og sveiflast í kringum 500 þúsund krónur** og þar af telur sjúkrahúsþjónustan um tvo þriðju. Kostnaðarliðir sem hafa farið umtalsvert hækkandi eru vegna almennrar heilsugæslu, sjúkrahjálfnar og hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana. Lyfjaútgjöld hafa lækkað verulega og lyfjanotkunin hefur breyst. Notkun blóðlyfja hefur meira en fimmfaldast og tauga- og geðlyfja meira en þrefaldast sem endurspeglar bæði framfarir og áherslubreytingar í heilbrigðisþjónustunni.

Áskoranir heilbrigðiskerfisins til framtíðar

Ísland er í þeirri öfundsverðu stöðu að vera með eina **hagkvæmustu aldurssamsetningu þjóða í Evrópu**. Meðalaldur Íslendinga er lágur í alþjóðlegum samanburði og þar af leiðandi eru margar vinnandi hendur sem halda uppi kerfum hins opinbera. Án mikillar íbúafjölgunar mun þessi aldurssamsetning breytast hratt á næstu árum og undir lok aldarinnar mun miðgildi aldurs jafnvel verða með því hæsta sem gerist. Fjölgun aldraðra fylgja almennt **aukin útgjöld til heilbrigðismála**, hvort sem þau verða fjármögnuð með skattfé eða beint út vasa notanda. Án íbúafjölgunar munu verða færri vinnandi hendur sem standa undir þessum útgjöldum. Að einhverju leyti kemur á móti að **ellilífeyrisþegar verða í framtíðinni skattgreiðendur vegna uppbyggingar lífeyrisjóðakerfisins**. Að því frátöldu verður að leita annarra leiða til þess að standa undir aukinni heilbrigðisþjónustu á komandi árum og áratugum.

Samhliða hækkandi lífaldri og bættu lífsgæðum hafa lífnaðarhættir Íslendinga breyst. Þessum breytingum fylgja nýjar áskoranir. Ísland er að mælast afar illa í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að ofþyngd og offitu bæði barna og fullorðinna. Þá fjölgar þeim sem glíma við geðraskanir á lífsleiðinni sem getur reynst Þrándur í Götu fólks alla þeirra ævi. **Þeim sem upplifa kulnun í starfi fjölgar og geðraskanir eru algengasta orsök nýgengi örorku.**

Hin hefðbundna heilbrigðisþjónusta er hluti af stærra mengi af starfsemi sem snýst um að bæta og viðhalda heilsu og heilbrigði. Margskonar heilsutengd þjónusta er í boði og vörur og aðstaða sem ætlað er að bæta og viðhalda heilsu, allt frá einkaþjálfurum og sundlaugum til fæðubótarefna og lífrænnar matvælaframleiðslu. Mörkin á milli þess hvenær heilsufarsleg viðfangsefni eru á könnu heilbrigðisþjónustunnar og hvenær þau eru á höndum annarra aðila eru óljós þótt almennt sé heilbrigðisþjónustan að sinna lækningum vegna sjúkdóma og annarra áfalla. Mörkin eru líka síbreytileg þar sem heilbrigðisþjónustan getur nú leyst mál sem áður var ekki talið á hennar færi s.s. greiningar og lyf vegna geðrænna vandamála eða kynleiðréttingarferli.

Í framtíðinni verður spurningin um ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu sífellt áleitnari. Sjálfvalinn lífsstíll einstaklinga hefur áhrif á heilsufar til góðs eða ekki og ákveða þarf hversu langt á að ganga til að veita þjónustu vegna sjúkdóma sem eru sjálfskapaðir að þessu leyti. Og þetta á ekki síst við þegar engin lækning verður nema að einstaklingurinn breyti sjálfur lífsstíl sínum í leiðinni. Almennt hafa samfélagið og heilbrigðiskerfið verið tilbúið til að veita einstaklingum þjónustu vegna afleiðinga fíknar af ýmsum toga. Áhersla á forvarnir í heilbrigðiskerfinu hafa verið frekar takmarkaðar en hlutdeild þeirra í útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hefur verið 0,3% en heilsugæslan sem sinnir þessum störfum líka með öðru hefur rúmlega 11% hlutdeild í opinberum útgjöldum til heilbrigðismála.

Fjárfesting í fólki er grunnstefið í þeirri nálgun sem hér er sett fram um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum. Markmið heilbrigðisþjónustunnar og annarra sem eru að vinna að heilsu og heilbrigði á að vera að hver **einstaklingur geti búið við góða heilsu vel fram á efri ár** sem líka dregur úr kostnaði. Árangurinn af fjárfestingunni í fólki er þá mældur með því hversu vel tekst að þá þessu stóra markmiði. Fjárfestingarnar eru bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila.

Fjárfesting í fólki í þessu samhengi felst bæði í því að tryggja tiltekna sjúkrahúsa- og heilbrigðisþjónustu s.s. með rekstri sjúkrahúsa en eins að styðja við einstaklinga til að kaupa sér þjónustu eins og gert er með sjúkratryggingum. Í framtíðinni þarf að auka frekar stuðning við kaup einstaklinga á viðeigandi þjónustu af sjálfstæðum þjónustuaðilum. Nefna má að **notkun hvata** eins og heilsukorta verður sífellt auðveldari. **Endurskipuleggja** þarf stærri hluta af heilsugæslu og fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu þar sem fjárfesting í þjónustu við einstaklinga eins snemma og mögulegt er í ferli sem

annars leiðir til sjúkdóma og óvinnufærni skilar sér margfalt til samfélagsins. Forvarnir vegna eldri borgara og heilsuefling þeirra þarf að vera mikilvægur þáttur í þessu starfi og innleiða þarf á virkan hátt tækninýjungar í velferðar- og umönnunarstarfi.

Undanfarin ár hefur meðalaldur kvenna sem eignast sitt fyrsta barn hækkað. Á sama tíma hefur tækni og möguleikum til að bregðast við erfiðleikum við að geta og ala börn fleygt fram. Nauðsynlegt er að aðstoð á þessu sviði verði aðgengileg og hluti af viðurkenndri heilbrigðisþjónustu, enda eðlilegur hluti af þeirri stefnu að fjárfesta í fólki. Þá má regluverk í kringum nýtingu slíkrar tækni ekki koma í veg fyrir það að hún nýtist þeim sem þurfa eða sé óþarflega þunglamaleg.

Heilbrigðisþjónustan og heilsutengd starfsemi þarf að vera **notendadrifin og útkomudrifin**. Þess vegna er **gæðaleg og fjárhagsleg samkeppni** innan heilbrigðiskerfisins nauðsynleg eins og annars staðar í samfélaginu. Samkeppnin þarf alls staðar að nýtast sem tæki til að ná árangri. Eðlilegt svigrúm fyrir **mismundandi rekstrarform** er því mikilvægt og skapar hvatningu til að gera betur. Mikilvægt er að byggja upp **áreiðanleg og skilvirk upplýsingakerfi** þar hægt er að bera saman árangur stofnana og eins að finna erlendar stofnanir sem hægt er að bera þær innlendu saman við.

Í framhaldi af uppbyggingu Landspítalans þarf að leggja áherslu á uppbyggingu þjónustu á vegum annarra en ríkisins. Uppbygging annars sjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu þarf að komast á dagskrá til að bæta öryggi, auka fjölbreytni og stuðla að meiri samkeppni innan heilbrigðisþjónustunnar. **Fjölbreytni í fjárfestingum í innviðum heilbrigðisþjónustu** er æskileg þar sem hægt er að fá fleiri að því að byggja hraðar upp aðstöðu og bæta tækjakost. Sérstaklega þarf að huga að **uppbyggingu sjúkrahúsa í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins og á Akureyri** þar sem jafnframt eru tækifæri til að auka fjölbreytni í rekstrarformum.

Hagkvæmur rekstur og fjárhagsleg sjálfbærni stofnana og fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu er lykilatriði. Mat á rekstrarhagkvæmni byggir m.a. á góðum samanburðartölum milli aðila. **Innleiðing á DRG greiðslukerfi** fyrir Landspítalann er nauðsynlegt og æskilegt er að **hann starfi samkvæmt sérstökum samningi** við Sjúkratryggingar. **Reglubundnar gæðaúttektir** þarf að gera á allri starfsemi sem kostuð er af Sjúkratryggingum.

Biðröðum í heilbrigðiskerfinu þarf að eyða. Sjálfstæðir rekstraraðilar innanlands verða að fá eðlilegt svigrúm til að veita þjónustu þegar biðraðir myndast enda er það í fullu samræmi við notendadrifna þjónustu og fjárfestingu í fólki. Vandamál sjúklinga geta ekki lagast við að bíða heldur þvert á móti. Gæta þarf að því að **heilbrigðisþjónusta sé veitt um allt land** og að heilbrigðisstofnanir geti eflst utan stærstu byggðakjarna. Leggja þarf áherslu á samstarf og sérhæfingu stofnana til þess að stuðla að sem greiðustum aðgangi að þjónustu á landsbyggðinni.

Heilbrigðisþjónustan þarf að vera **aðgengileg fyrir alla, einnig íbúa utan höfuðborgarsvæðisins** og opinn farvegur eins og við getur átt fyrir fólk til að efla og viðhalda góðri heilsu óháð efnahag, búsetu eða uppruna. Samspil gjaldtöku og endurgreiðslna þarf að tryggja að **ekki myndist fjárhagslegar aðgangstakmarkanir**. Jafnframt þarf að hafa í huga að kostnaður notenda er í flestum tilfellum mun víðtækari en nemur þjónustugjöldum og að gjaldtökukerfi og tilheyrandi umsýsla þurfa líka að svara kostnaði.

Heilbrigðisþjónustan og heilbrigðis- og líftækni eiga að geta þróast sem **útflytningsgrein**. Hún á að geta veitt þjónustu til nágrannaþjóða en enn fremur þarf að byggja upp eitt eða fleiri sérhæfð svið þar sem þjónusta er veitt á stærri markaði.

IX. Velferðarmál

Íslenska velferðarkerfið er eitt af helstu samkeppnistækjum þjóðarinnar.

Fjölskyldan er miðpunktur heilbrigðs samfélags. Langtímastefna í málefnum barna þarf að beinast að fjölskyldunni og helstu viðfangsefnum hennar; atvinnu, menntun, húsnæðis- og heilbrigðismálum.

Gagnrýnin sem snýr að stífum tekjutengingum og litlum hvata til að afla atvinnutekna er réttmæt.

Ellilífeyri almannatrygginga þarf að endurhugsa og byggja á jöfnun vegna fortíðar sérstaklega og svo öðru fyrirkomulagi vegna jöfnunar vegna samtíma.

Jöfnun tekna vegna fortíðar felst í því að ríkissjóður fjármagni sérstaklega lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum til að jafna stöðu ellilífeyrisþega varðandi áunnin réttindi til ellilífeyris úr sjóðunum

Með lífeyrisuppbót og neikvæðum tekjuskatti þarf engar sérstakar skerðingar vegna atvinnutekna aðrar en fram koma í tekjuskattskerfinu og lækkandi neikvæðum tekjuskatti.

Mikilvægt er að öryrkjar hafi raunverulega hvata til að afla sér tekna.

Skilgreina þarf ENDURKOMULEIÐ inn á vinnumarkaðinn sem tæki til að gefa öryrkjum raunhæfari hvata til að fara af bótum og í vinnu. Endurkomuleið inn á vinnumarkaðinn byggir á því að gera örorkulífeyrisþegum tilboð um ENDURKOMUSAMNING.

Í stað örorkulífeyris frá Tryggingastofnun er í ENDURKOMUSAMNINGI tekið upp sérstakt fyrirkomulag neikvæðs tekjuskatts sem er útborgaður.

Öryrkinn á hvenær sem er að geta hætt í samningnum og hafið aftur töku örorkulífeyris eftir þeim reglum sem þar um gilda.

Fæðingarstyrkur þarf að vera mun hærri til að skapa raunverulegan hvata til barneigna hjá yngra fólki til samræmis við þá sem eldri eru.

Íslendingar nútímans búa í velferðarsamfélagi og eitt af helstu markmiðunum fyrir næstu áratugi er að halda þjóðinni í þeirri stöðu. **Íslenska velferðarkerfið er eitt af helstu samkeppnistækjum þjóðarinnar** í viðleitninni við að fá hæfileikaríkt fólk til að búa á

landinu. Ýmsir mælikvarðar eru notaðir til að mæla stöðu ríkja á sviði velferðarmála. Nefna má Félagslegu framfaravísitöluna (Social Progress Index) en þar er Ísland meðal 10 hæstu ríkja og Þróunarvísitölu Sameinuðu þjóðanna (Human Development Index) þar sem Ísland er meðal 10 hæstu ríkja. Jafnréttisvísitala Sameinuðu þjóðanna er hluti af þróunarvísitölunni og þar er Ísland líka meðal 10 fremstu ríkja. Ísland er enn fremur á svipuðum slóðum og önnur Norðurlönd þegar kemur að tekjujöfnuði samkvæmt útreikningum Alþjóðabankans.

Fjölskyldan er miðpunktur heilbrigðs samfélags og hlúa þarf sem best að henni. Markviss langtímastefna um góða heilsu barna, bæði andlega og líkamlega, mun skila sér margfalt til baka fyrir framtíðarþjóðfélagið.

Nýjar kynslóðir barna munu mæta öðruvísi umhverfi en kynslóðir sem á undan komu. Þau mæta meiri fjölbreytni í fjölskyldumynstrum, fleiri leikfélagar verða tvítýngdir, þau tala oftar við gervigreind en kynslóðirnar á undan og amman og afinn eru flest að ná hundrað ára aldri.

Langtímastefna í málefnum barna þarf að beinast að fjölskyldunni og helstu viðfangsefnum hennar; atvinnu, menntun, húsnæðis- og heilbrigðismálum. Í þessum efnum er afar mikilvægt að horft sé til þess hvernig efla megi samstarf sveitarfélaga og ríkis og stofnana og fyrirtækja sem um málefni fjölskyldunnar fjalla. Ekki er síst brýnt að langtímastefna taki á þeim hópi barna sem með einhverjum hætti hafa orðið útundan vegna heilsuleysis, menningarmunar eða fjölskylduaðstæðna, atvinnuleysis eða veikinda foreldra.

Grunnþættir í velferðarkerfinu eru heilbrigðisþjónusta, félagsleg þjónusta, tómstundastarf, menntakerfið og lífeyriskerfið. Hér í þessum kafla er fjallað sérstaklega um lífeyri almannatrygginga og fæðingarorlof en um menntamál og heilbrigðismál er fjallað í sérstökum köflum.

Meginhugsunin er að fjárfesta í fólki. Skapa hvata fyrir eldri borgara og öryrkja til að vinna meira og skapa hvata fyrir fólk óháð aldri til að eignast börn.

Ellilífeyrir almannatrygginga.

Íslendingar 67 ára og eldri voru 45.250 í árslok 2020. Ellilífeyrisþegar voru samtals 52.150. Þetta ár fengu 1.350 einstaklingar einungis greiddan ellilífeyri frá Tryggingastofnun, 36.500 einstaklingar fengu greiddan ellilífeyri bæði frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum en 14.300 einstaklingar fengu aðeins greiddan lífeyri frá lífeyrissjóðunum. Um 27% einstaklinga eru þannig “útskrifuð” úr almannatryggingakerfinu en það hlutfall mun væntanlega fara mjög vaxandi á næstu áratugum. Lífeyrissjóðir greiddu út 128,1 milljarð króna í ellilífeyri úr

samtryggingardeildum á árinu 2020 (og 14 milljarða í makalífeyri) en Tryggingastofnun greiddi 88.3 milljarða króna. Samtals námu ellilífeyrisgreiðslur meira en 17% af heildaratvinnutekjum landsmanna þetta ár.

Uppbygging lífeyrissjóðanna hefur væntanlega verið stærsta samfélagslega framlag þeirrar kynslóðar sem nú er að hefja töku ellilífeyris. Fleiri og fleiri hafa byggt upp lífeyrisréttindi sem tryggja vel viðunandi afkomu á efri árum og þá sérstaklega þeim einstaklingum sem hafa jafnframt komið sér upp skuldlausu eða skuldlitlu eigin húsnæði. Lífeyrissjóðirnir eru mikilvægasta uppspretta sparnaðar þjóðarinnar og hafa skipt sköpum fyrir eignalega stöðu hennar og efnahagslegan stöðugleika.

Margir einstaklingar hafa ekki náð og munu ekki ná að byggja sér upp viðunandi réttindi í lífeyrissjóði til ellilífeyris vegna þess að þeir hafa ekki haft eða munu ekki hafa tekjur af atvinnu. Á uppbyggingarferli lífeyrissjóðanna voru iðgjaldsgreiðslur oft takmarkaðar og eftirfylgni ábótavant með því að greitt væri inn auk þess sem reglur um skattlagningu lífeyrisiðgjalda og útgreiðslna sjálfstætt starfandi var afar óhagstæð. Framfærslustuðningur verður því áfram nauðsynlegur fyrir þá einstaklinga sem ekki ná að byggja sér upp nægilega góð réttindi til ellilífeyris.

Ellilífeyriskerfi almannatrygginga hefur þróast á Íslandi frá því lög um alþýðutryggingar voru sett á árinu 1936. Eðlisbreyting var gerð á kerfinu á árinu 1971 þegar tekjutrygging var tekin upp og síðan þá hefur ellilífeyrir almannatrygginga fyrst og fremst verið tæki til að styðja við framfærslu eldri borgara á þarfagrunni.

Gagnrýni á fyrirkomulag ellilífeyris almannatrygginga snýr oft einmitt að því að stuðningurinn sé á þarfagrunni. Breyting á því er ekki líkleg þar sem lífeyrissjóðirnir eru að sífellu að stækka. Önnur gagnrýni á almannatryggingarnar beinist að stífum tekjutengingum í kerfinu sem þýðir að lítill hvati er fyrir ellilífeyrisþega til að afla sér atvinnutekna þegar litið er til skerðingarhlutfalls bóta og tekjuskattshlutfalls. Þá er gagnrýnt að bætur almannatrygginga séu of lágar og fylgi t.d. ekki þróun lágmarkslauna. Fjárhæðir bóta almannatrygginga hljóta reyndar alltaf að verða umræðuefni enda taka þær mið af aðstæðum á hverjum tíma en markmiðið er að þær séu sanngjarnar og í eðlilegu samræmi við aðrar lífshæðir.

Gagnrýnin sem snýr að stífum tekjutengingum og litlum hvata til að afla atvinnutekna er réttmæt en við henni má bregðast með því að endurhugsa fyrirkomulag ellilífeyris almannatrygginga. Hér er lagt til að hætta því að reikna framlög Tryggingastofnunar samtímis út frá bæði samtímastöðu og fortíðarstöðu.

Þess í stað á að taka upp nýtt kerfi sem hefur fjárfestingu í fólki sem markmið og byggir á :

Jöfnun tekna vegna fortíðar

Jöfnun tekna vegna samtíma

Jöfnun tekna vegna fortíðar felst í því að ríkissjóður **fjármagni sérstaklega lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum til að jafna stöðu ellilífeyrisþega varðandi áunnin réttindi til ellilífeyris úr sjóðunum**. Lífeyrisuppbót hvers og eins er föst greiðsla ákveðin fyrir lífstíð sem tekur sömu breytingum og ellilífeyrir úr lífeyrissjóðum.

Hér er sett fram ákveðið vinnudæmi til að lýsa þeirri hugsun sem byggt er á. Fjárhæðir og breytingar þeirrar eru því ekki endanlegar tillögur en settar fram til skýringar. Í núverandi stöðu gæti ellilífeyrisþegi með engin réttindi til ellilífeyris úr lífeyrissjóðum þannig t.d. fengið lífeyrisuppbót að fjárhæð 225 þús. kr. á mánuði og sú fjárhæð myndi þrepast niður eftir því sem réttindin aukast þannig að við 500 þús. kr. réttindi í lífeyrissjóðum félli uppbótin niður.

Jöfnun vegna samtíma yrði gerð með neikvæðum tekjuskatti (skattfrjáls greiðsla) sem virkar eins og útgreiddur persónuafsláttur. Neikvæður tekjuskattur er mismunandi eftir því hvort einstaklingar eru í sambúð eða einir í heimili. Ástæðan er núverandi heimilisuppbót sem er greidd til einstaklinga einum í heimili.

Í vinnudæminu væru einstaklingar í sambúð að fá 36 þús. kr. á mánuði í neikvæðan tekjuskatt sem færi fyrst að skerðast við 500 þús. kr. tekjur og félli niður við 700 þús. kr. Mánaðartekjur. Hjá einstaklingi sem býr einn væri neikvæði tekjuskatturinn allt að 80 þús. kr. og fer svo lækkandi eftir ákveðinni formúlu sem í grunninn byggir á 17% skerðingarhlutfalli.

Með lífeyrisuppbót og neikvæðum tekjuskatti þarf engar sérstakar skerðingar vegna atvinnutekna aðrar en fram koma í tekjuskattskerfinu og lækkandi neikvæðum tekjuskatti. Jaðaráhrifin verða því snöggtum minni. Sérstaklega á þetta við um fólk í sambúð þar sem neikvæður tekjuskattur lækkar ekki fyrr en við 500 þús. kr. tekjur. Jaðaráhrifin hjá einstaklingi sem er einn í heimili verða líka verulega lægri þar sem aðeins 17% leggjast við skatthlutfallið 31,45% eða 37,95% í stað 45% nú.

Ellilífeyrisgreiðslur í núverandi mynd frá Tryggingastofnun féllu niður.

Ríkið hefur tvær meginleiðir til að standa undir lífeyrisuppbót úr lífeyrissjóðum. Annars vegar með samtímagreiðslu þar sem lífeyrisuppbótin er greidd jafnóðum. Hins vegar með sjóðsfyrirkomulagi þar sem ríkið fjármagnar þessi réttindi fyrir fram með sambærilegum hætti og gert er í lífeyrissjóðum.

Á töflunni hér að neðan er tekið dæmi um breytingar sem geta orðið við upptöku lífeyrisuppbótar og neikvæðs tekjuskatts. Skoðað er samspil tekna frá almannatryggingum, lífeyrissjóðum og atvinnu og beinna skatta. Einstaklingur sem eykur atvinnutekjur sínar úr 100 þúsund kr. á mánuði í 300 þúsund í þessu nýja fyrirkomulagi eykur ráðstöfunartekjur sínar úr 375.837 kr. í 504.195 kr. miðað við 444.902 í núverandi

fyrirkomulagi. Ríkir greiðir 75.837 kr. nettó nú með þessum einstaklingi í framlögum umfram skatta en með 300 þúsund kr. atvinnutekjum yrði greiðslan 4.185 kr.

1 Lífeyrisþegi með maka

Atv.tekjur	Líf.sj. tekjur	Útgreitt nú	Nettó ríki	Nýtt útgreitt	Nettó nýtt
100.000	200.000	375.837	-75.837	380.085	-80.085
200.000	200.000	409.965	-9.965	442.135	-42.135
300.000	200.000	444.902	55.908	504.185	-4.185
400.000	200.000	478.220	121.780	548.235	51.765

Örorkulífeyrir

Fjárfesting í fólki er markmiðið með **endurkomuleið á vinnumarkaðinn** fyrir öryrkja sem hér er fjallað um. Einhver hluti af örorkulífeyrisþegum hefur getu og vilja til að auka þátttöku sína á vinnumarkaðnum. Örorkulífeyriskerfið er **ekki með nægilegum hvötum** til að stuðla að meiri atvinnuþátttöku. Hér er bent á leið sem hægt er að fara.

Öryrkjar eru afar fjölbreyttur hópur sem eiga ekki endilega margt sameiginlegt innbyrðis annað en þörf fyrir fjárhagslegan stuðning þar sem ástæður fyrir örorku eru einstaklingsbundnar og þarfir einstaklinganna mjög mismunandi.

Nokkrar tölulegar staðreyndir um örorkulífeyri:

- Örorkulífeyrisþegar hjá TR voru 19951 í janúar 2021 (fækkaði um 151 milli ára).
- Miðgildi réttinda 2020 voru um 245 þús. kr. hjá körlum en 247 þús. kr. hjá konum
- Réttindi í hæstu tíund eru 346 þús. kr. Í lægstu tíund 100 þús. kr.
- Miðgildi réttinda plús tekna var 346 þús. kr.
- Nýgengi örorku 2020 var 1279. (2019 var nýgengi 1273)
- Árið 2020 fengu 10.200 einstaklingar greiddan örorkulífeyri bæði frá TR og lífeyrissjóðum, en 9.250 örorkulífeyrisþegar fengu einungis greiðslur frá TR og 250 fengu einungis greitt úr lífeyrissjóðum.
- Árið 2020 voru greiðslur örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum 24,3% af greiðslum samtals.
- Samtals greiddu lífeyrissjóðir 22498 milljónir kr. í örorkulífeyri árið 2020 meðan TR greiddi 70.180 milljónir kr.
- Meðalgreiðsla úr lífeyrissjóðum var tæpar 180 þús. kr. á mánuði.

Núverandi kerfi örorkulífeyris á Íslandi **byggir á tveimur megin stoðum**, örorkulífeyri frá **lífeyrissjóðum** og örorkulífeyri og tengdum greiðslum frá **Tryggingastofnun**. Þessar tvær meginstoðir vinna saman en þær byggja á mismunandi forsendum. Stoð almannatrygginga hefur framfærsluþörf sem útgangspunkt en stoð lífeyrissjóða er hugsuð út frá tryggingaþörf.

Stoð almannatrygginga er samsett af 6 tegundum aðstoðar:

- **Örorkulífeyrir** sem er ekki skertur vegna örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum og sambærilegs. Frítekjumörk eru vegna atvinnutekna og fjármagnstekna en síðan 25% skerðingarhlutfall.
- **Aldurstengd örorkuuppbót** en hún er hlutfall af örorkulífeyri sem lækkar eftir aldri. Hlutfallið er 100% fyrir 18-24 ára og t.d. 15% fyrir 40-45 ára.
- **Tekjutrygging** með frítekjumarki vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum. Skerðingarhlutfall 38,35% en þak er á skerðingarhlutfalli og samanlögð skerðing tekjutryggingar og örorkulífeyris á ekki að vera umfram 38,5%. Meðan verið er að skerða örorkulífeyri þá lækkar skerðingarhlutfallið á tekjutryggingu samsvarandi.
- **Heimilisuppbót** fyrir þá sem halda einir heimili. Skerðingarhlutfall er 11,9%
- **Framfærsluuppbót** fyrir þá sem sýnt þykir að geta ekki framfleytt sér. Skerðingarhlutfall 100%
- **Orlofs- og desemberuppbót.** Fastar tölur. Skerðast ekki.

Örorkulífeyrir úr lífeyrissjóðunum er greiðsla sem miðast við að **bæta tekjutap vegna örorku. Útgangspunktur er viðmiðunartekjur** sem tekjutap er metið út frá. Greiðsla lífeyrissjóða byggir áunnum réttindum og eftir atvikum réttindum til framreiknings á tekjum. **Greiðsla getur hæst numið 56% af viðmiðunartekjum.** Greiðsla lífeyrissjóða skerðist ef heildartekjur fara fram úr viðmiðunartekjum (t.d. þegar greiðslur almannatrygginga og atvinnutekjur bætast við).

Þegar örorkulífeyriskerfið er gagnrýnt heyrast mörg sjónarmið en nefna má:

- Greiðslur er samtals of lágar
- Flókið kerfi
- Vantar hvata til að vinna
- Miklar víxlverkanir milli almannatrygginga og lífeyrissjóða
- Kerfið leyfir í ákveðnum tilvikum aðeins takmarkaða kaupmáttaraukningu
- Atvinnutækifæri vantar fyrir öryrkja

Ekki er óeðlilegt að kvartað sé undan bágum kjörum öryrkja þar sem greiðslur til þeirra eru almennt lágar. Greiðslur almannatrygginga til öryrkja þurfa að vera sanngjarnar og í samræmi við eðlilegar lífskjaratengdar viðmiðanir.

Að öðru leyti er **mikilvægt að öryrkjar hafi raunverulega hvata til að afla sér tekna** og leggja með því meira af mörkum til samfélagsins. Fjárfesting í fólki með bættum hvötum fyrir öryrkja til atvinnu er því skynsamleg leið ekki síst fyrir öryrkja en líka fyrir samfélagið

Örorkulífeyrir úr lífeyrissjóðum hefur mikla þýðingu til að hækka tekjur lífeyrisþega. Þokkalegir hvatar eru í núverandi kerfi til að vinna meira þangað til tekjur samtals hafa náð viðmiðunartekjum lífeyrissjóða en þær byggja á fyrri tekjum lífeyrisþegans. Hvatarnir eru meiri eftir því sem greiðslur lífeyrissjóðs og viðmiðunartekjur eru hærri.

Þegar viðmiðunartekjum er náð skerðast greiðslur úr lífeyrissjóðum og heildartekjur verða óbreyttar þangað til framlag lífeyrissjóða er fallið niður. Þetta er í samræmi við inntak tryggingarinnar þar sem framlagið er skilyrt við að tekjutap hafi orðið

Eftir að greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa verið tæmdar eða hafa upphaflega verið engar eða litlar eru skerðingahlutföll og skattar að skapa mikil jaðaráhrif og lítill hvati til aukinnar atvinnuþátttöku. Þá eru komin tækifæri til þess að fjárfesta í fólki með því að skapa hvata til atvinnuþátttöku, sköpun verðmæta, öflunar tekna og skattgreiðslna.

Skilgreina þarf **ENDURKOMULEIÐ** inn á vinnumarkaðinn sem tæki til að gefa öryrkjum raunhæfari hvata til að fara af af bótum og í vinnu.

Endurkomuleið inn á vinnumarkaðinn byggir á því að gera örorkulífeyrisþegum **tilboð um ENDURKOMUSAMNING**.

- Í stað örorkulífeyris frá Tryggingastofnun er tekið upp sérstakt **fyrirkomulag neikvæðs tekjuskatts sem er útborgaður**. (Skattfrjáls greiðsla sem virkar eins og útborganlegur persónuafsláttur)
- **Samningurinn gæti verið til tveggja ára og þá framlengjanlegur** til annarra tveggja ára með því að lækka neikvæða tekjuskattinn um þriðjung og síðan aftur um þriðjung til tveggja ára að þeim tíma loknum. Þá er sérstökum stuðningi lokið.
- Öryrkinn á hvenær sem er að geta **hætt í samningnum** og hafið aftur töku örorkulífeyris eftir þeim reglum sem þar um gilda.

Endurkomusamningur byggir á því að greiðslur úr lífeyrissjóði séu engar eða óverulega annað hvort vegna þess að réttindin þar eru tæmd eða að réttindin eru hverfandi eða ekki til staðar. Sú útfærsla sem hér er kynnt byggir á vinnudæmi sem er ekki endanleg útfærsla heldur til skýringar á þeirri leið sem unnið er með.

- **Settur er upphafspunktur fyrir einstaklinginn** þar sem réttindin byggjast á þeirri stöðu sem hann er í, þ.e. hafi með atvinnutekjum og greiðslum frá Tryggingastofnun samtals náð viðmiðunartekjum og greiðslum frá lífeyrissjóðum lokið. Hafi engin réttindi verið til staðar í lífeyrissjóðum er upphafspunkturinn miðaður við núll tekjur.
- **Lykiltalan í upphafspunktinum er sú greiðsla sem kemur frá Tryggingastofnun.**
- **Í vinnudæmi** sem unnið hefur verið með er sú tala margfölduð með 0,6855 og útkoman er **grunnupphæðin** fyrir neikvæða tekjuskattinn. Þessi upphæð er greidd út en á móti er greiðsla frá Tryggingastofnun felld niður og **tekjuskattur reiknaður af atvinnutekjum eingöngu.**
- Neikvæði tekjuskatturinn **skerðist síðan um 17%** í framhaldinu út frá upphafsstöðu atvinnutekna.

Einstaklingur á örorkulífeyri fær með **endurkomuleiðinni mun betri hvata til að auka tekjur sínar.** Í þeim vinnudæmum sem unnið er út frá myndi öryrki sem ekki er með nein eða hverfandi réttindi úr lífeyrissjóðum auka verulega við ráðstöfunartekjur sínar í endurkomuleið um leið og atvinnutekjur eru komnar yfir 100 þúsund krónur á mánuði. Þegar öryrki er með greiðslur frá lífeyrissjóðum borgar sig að gera endurkomusamning um leið og viðmiðunartekjum hefur verið náð og greiðslur frá sjóðunum tæmdar. Auknar skattgreiðslur leiða hins vegar til þess að ríkið hagnast alltaf á því að einstaklingurinn auki tekjur sínar og fjárfesting í fólki með þessum hætti borgar sig fljótt fyrir samfélagið.

Styðja þarf við möguleika öryrkja á vinnumarkaðnum með því að bjóða upp á fjölbreyttari atvinnutækifæri. Hlutastörf þurfa að vera í boði og hvetja þarf fyrirtæki og stofnanir til að vinna með öðrum aðilum til þess að taka á móti öryrkjum í vinnu og aðlaga vinnuaðstæður eftir því sem við á og hægt er. Sérstakt hvatakerfi getur verið nauðsynlegt til þess að auka líkur á árangri.

Á töflunni hér að neðan er sýnt dæmi af einstaklingi á örorkulífeyri sem hefur ekki tekjur úr lífeyrissjóði. Í núverandi fyrirkomulagi getur hann aukið ráðstöfunartekjur sínar úr 300.409 kr. í 329.889 kr. með því að vinna fyrir 100 þús. kr. á mánuði. Í þeirri stöðu er hagstætt fyrir einstaklinginn að gera **ENDURKOMUSAMNING**. Með því að auka atvinnutekjur úr 100 þús. kr. í 300 þús. kr. aukast ráðstöfunartekjur úr 329.889 í 456.443 kr. í stað 380.118 kr. í núverandi fyrirkomulagi. Framlag ríkisins nettó til einstaklingsins lækkar úr 229.889 kr. í 156.443 kr.

Atvinnutekjur	Útgreitt nú	Nettó ríki	Útgr. með NT	Nettó ríki
0	300.409	-300.409	251.001	-251.001
100.000	329.899	-229.899	334.001	-234.001
200.000	363.156	-163.156	404.893	-204.893
300.000	380.118	-80.118	456.443	-156.443
400.000	394.816	5.184	505.028	-105.028

Fæðingarorlof.

Lækkandi fæðingartíðni hefur einkennt íslenskt samfélag á síðustu áratugum. Nokkur undanfarin ár hefur tíðnin verið **milli 1,7 og 1,8** miðað við ævi hverrar konu í landinu. Þessi tala var um og yfir 2 á fjórum áratugum milli 1975 og 2014. Fæðingartíðnin **þarf að vera 2,25** til að viðhalda fólksfjölda. Síðustu 20 árin hafa almennt verið að fæðast 4.000 – 5.000 börn árlega, fæst 4.034 á árinu 2016 en flest 5.026 á árinu 2009.

Ný lög um fæðingarorlof voru sett fyrir árslok 2020 (144/2020) þar sem **orlofstíminn var lengdur í 12 mánuði og ýmsar aðrar uppfærslur gerðar. Grunngerð fæðingarorlofsins er þó óbreytt** að því leyti að orlofsréttindi eru áunnin en þeir einstaklingar sem ekki ná lágmarkspáttöku á vinnumarkaði og námsmenn fá fæðingarstyrk. Fjárhæð fæðingarorlofs miðast við 80% af launum með 600 þús. kr. hámarksgreiðslu á mánuði. Fæðingarstyrkur er hins vegar frá rúmum 83 þús. kr. á mánuði fyrir einstaklinga utan vinnumarkaðar en frá tæpum 191 þús. kr. á mánuði fyrir einstaklinga í fullu námi. Þá hefur Menntasjóður námsmanna (áður LÍN), með nýjum lögum, hafið úthlutun barnastyrkja í stað barnalána til að styðja námsmenn sem hafa börn á framfæri sínu sérstaklega. Barnastyrkur nemur einföldum barnalífeyri, nú rúmum 35 þús. kr. á mánuði þá mánuði sem skólinn er í gangi og viðkomandi þarf að uppfylla framvindukröfur.

Undanfarin ár hafa flest börn verið fædd af mæðrum sem hafa verið 28 –30 ára gamlar og flest fyrstu börn hafa verið fædd af 25 – 27 ára gömlum mæðrum. Á árinu 2020 voru rúm 35% fyrstu barna fædd af konum 30 ára og eldri en 20 árum fyrr, þ.e. á árinu 2000 var sambærilegt hlutfall innan við 16%.

Fjárfesting í fólki á öllum sviðum samfélagsins er mikilvæg á Íslandi og **rík ástæða er til þess að bæta hvata til barneigna, sérstaklega hjá yngra fólki.** Núverandi fyrirkomulag er byggt upp fyrst og fremst á vinnumarkaðslegum forsendum með það að markmiði að draga úr fjárhagslegum fórnarkostnaði við barneignir og hvetja þannig til þeirra. Þessi

tenging við vinnumarkaðinn og aðkoma aðila vinnumarkaðarins að þessum málum hefur verið mikilvæg fyrir þróun jafnréttismála á Íslandi en hún er ekki gallalaus vegna þess að margt fólk stendur utan vinnumarkaðar eða réttindalítið sem ættu að hafa virka hvata til barneigna.

Frá því að 600.000 kr. hámark á mánaðarlegrar greiðslur í fæðingarorlofi var sett hefur orðið bakslag í fæðingarorlofstöku feðra með hærri tekjur. Þannig fullnýttu 74% feðra fæðingarorlofið með tekjur undir 450 þúsund krónum í mánaðarlaun, 70% feðra með tekjur milli 500 og 750 þúsund og 59% feðra með tekjur yfir 750 þúsund árið 2017. Með því að hækka hámarksgreiðsluna væri hægt að vinna gegn fjárhagslegum fórnarkostnaði við barneignir, auka fæðingarorlofstöku feðra og auka hvata til barneigna hjá tekjuhærra fólki.

Á hinn bóginn eru þeir sem ekki hafa áunnið sér réttinda til fæðingarorlofs, þ.e. þeir sem eru utan vinnumarkaðar eða hafa ekki unnið nóg til að vinna sér inn réttindin. Skref hefur verið tekið í rétta átt með barnastyrk til námsmanna í gegnum lánasjóðskerfið. Þannig er tryggt að stuðningurinn renni til námsmanna með börn á sínu framfæri með það að markmiði að foreldrar þurfi ekki að taka hærri námslán en aðrir námsmenn vegna þess eins að þeir séu foreldrar. Þá geti foreldrar einbeitt sér að náminu og foreldrahlutverkinu en þurfi ekki að hafa fjárhagslegar áhyggjur, vinna meira með skóla eða bera þyngri byrðar að loknu námi. Efla mætti þessa barnastyrki enn frekar. Þá er nauðsynlegt að huga að því hvernig koma megi í veg fyrir að nýbakaðir foreldrar falli brott úr námi.

Þegar fæðingarorlofi sleppir er fáheyrt að börn komist inn á leikskóla eða hjá dagforeldrum strax. Heldur hafa foreldrar þurft að leita annarra leiða til brúa það umönnunarbíl sem myndast. Ekki eru allir svo heppnir að eiga að fjölskyldumeðlimi sem geta annast börnin eða hafa efni á að kaupa umönnunarþjónustu svo þá fellur það gjarnan á móðurina að taka sér launalaust leyfi frá vinnu eða einfaldlega þurfa að segja upp störfum. Þetta getur falið í sér bakslag á vinnumarkaði sem meðal annars birtist í því að barneignir hafa neikvæð áhrif á laun kvenna en jákvæð áhrif á laun feðra. Lenging fæðingarorlofsins var skref í rétta átt til þess að brúa þetta bil en enn er langt í land. Útrýma þarf þessu bili til tryggja jöfn tækifæri foreldra á vinnumarkaði og draga úr þeirri óvissu sem barneignir fela í sér – og þannig auka hvata til barneigna.

Að lokum þarf að hækka fæðingarstyrkinn til að skapa betri hvata til barneigna hjá þeim eiga engin eða rýr réttindi í fæðingarorlofskerfinu. **Fæðingarstyrkurinn þarf að vera mun hærri til að skapa raunverulegan hvata til barneigna hjá yngra fólki til samræmis við þá sem eldri eru** og það þurfa að vera skýr skilaboð til ungs fólks um að barneignir á námstíma séu æskilegar og studdar myndarlega.

Núverandi forsendur varðandi skynsamlegar fjárhæðir fæðingarstyrks eru þær að taka annað hvort mið af atvinnuleysisbótum eða lágmarkslaunum. 100% atvinnuleysisbætur eru rúmar 307 þúsund krónur á mánuði en **lágmarkslaun eru 351 þúsund á mánuði**

en 80% af þeirri tölu eru tæplega 281 þúsund krónur á mánuði sem væri væntanlega lágmarksviðmiðun.

Fæðingarorlof hefur að stærstum hluta verið fjármagnað með hluta af tryggingagjaldi og miða má við að það fyrirkomulag geti haldið áfram að svo miklu leyti sem greiðslurnar eru til fólks á vinnumarkaði. En reikna þarf með að ríkissjóður leggi til það sem ekki er á forsendum vinnumarkaðar s.s. fyrir barna- og fæðingarstyrk.

X. Innviðir

Innviðir þurfa gott viðhald og endurnýjun til þess að nýtast þjóðinni sem best en sterkir innviðir eru forsenda öflugs atvinnulífs, mannlífs og lífskjara.

Uppbygging innviða hefur löngum verið talin meðal helstu verkefna á sviði hins opinbera. Opinberir aðilar þurfa því ekki lengur að fjárfesta í innviðum á þeim forsendum að aðrir aðilar hafa hvorki vilja né getu til að taka að sér slík verkefni.

Endurmeta ætti verkaskiptingu hins opinbera og annarra aðila í tengslum við uppbyggingu innviða. Hið opinbera ætti í nýrri verkaskiptingu að einbeita sér frekar að fjárfestingu í fólki meðan aðrir aðilar gætu séð meira um fjárfestingar í innviðum og rekstur þeirra eins og við getur átt.

Eignamyndun í eigin húsnæði er ein öruggasta leiðin til fjárhagslegs sjálfstæðis einstaklinga og heimila. Leiguhúsnæði verður alltaf hluti af eðlilegum fasteignamarkaði því hluti fólks vill leigja til lengri eða skemmri tíma.

Um 4.500 milljarða króna þyrfti til að endurbyggja alla þá innviði sem byggðir hafa verið upp á Íslandi að mati Samtaka iðnaðarins. Innviðirnir eru í samgöngukerfinu, raforkukerfinu, veitukerfinu og fasteignum hins opinbera. Þessi fjárhæð svarar til 155% af

landsframleiðslu. Endurbýgging samgönguinnviða myndi kosta rúma 1.500 milljarða en endurbýgging raforkukerfisins rúma 1.400 milljarða króna.

Í allri uppbyggingu innviða þarf að horfa til þess hvernig fjárfestingar á því sviði stuðli best að minna kolefnisspori í samgöngum. Þannig aukast líkur á að markmið Íslendinga um minnkun útblásturs koltvísýrings nái fram að ganga.

Innviðir þurfa gott viðhald og endurnýjun til þess að nýtast þjóðinni sem best en **sterkir innviðir eru forsenda öflugs atvinnulífs, mannlífs og lífskjara**. Samtök iðnaðarins hafa lagt mat á ástand innviðanna og það er misgott. Verst er ástand vegakerfisins og fráveitna meðan t.d. Keflavíkurflugvöllur, vatnsveitur og dreifikerfi raforku hafa notið nægilegs viðhalds. Uppsöfnuð viðhaldspörf innviðanna er metin 420 milljarðar króna eða 14,5% af landsframleiðslu og 9,3% af endurbýggingarverði. Uppsöfnuð viðhaldspörf í vegakerfinu er 160 – 180 milljarðar króna og 50 – 85 milljarðar í fráveitum.

Uppbygging og rekstur innviða hefur fyrst og fremst verið á könnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga eða fyrirtækja í þeirra eigu. Aðkoma annarra aðila að innviðauppbyggingu hefur verið takmörkuð við tiltölulega fá svið. Heildarfjárfesting hins opinbera síðustu 25 árin hefur að meðaltali verið 4% af landsframleiðslu á hverju ári. **Þetta hlutfall hefur lækkað verulega á löngum tímabilum og innviðir veikst umfram það sem skynsamlegt er.**

Uppbygging innviða hefur löngum verið talin meðal helstu verkefna á sviði hins opinbera. Það eru ekki margir áratugir síðan að umræða hófst að einhverju ráði um að aðrir aðilar gætu haft þar hlutverki að gegna. Þegar litið er til framtíðar getur málið hins vegar litið öðru vísi út. Þá þarf að hafa í huga að mikið fjármagn hefur safnast upp hjá lífeyrissjóðunum sem nálgast að svara til tvöfaldrar landsframleiðslu og þetta fjármagn getur nýst með ýmsum hætti til uppbyggingar innviða í formi lánsfjár eða eiginfjár og eftir blönduðum leiðum. Aðrir fjárfestar innlendir sem erlendir hafa líka lýst áhuga á þátttöku í innviðafjárfestingum.

Opinberir aðilar þurfa því ekki lengur að fjárfesta í innviðum á þeim forsendum að aðrir aðilar hafa hvorki vilja né getu til að taka að sér slík verkefni. Þvert á móti er staðan orðin sú að verkefni opinberra aðila á öðrum sviðum hafa sýnt sig að hafa forgang umfram viðhald og endurnýjun innviða og áframhaldandi uppbyggingu. Veik fjárhagsleg staða opinberra aðila á ákveðnum tímabilum hefur þannig orðið til þess að ýmsir innviðir hafa ekki fengið nægt viðhald og fjárfestingar verið of litlar sem lýsir sér í döpru ástandi t.d. vegakerfisins og fráveitna.

Allar forsendur eru því til þess að **endurmeta verkaskiptingu hins opinbera og annarra aðila í tengslum við uppbyggingu innviða. Hið opinbera ætti í nýrri verkaskiptingu að einbeita sér frekar að fjárfestingu í fólki** meðan aðrir aðilar gætu séð meira um fjárfestingar í innviðum og rekstur þeirra eins og við getur átt.

Helstu innviðaverkefni:

Samgöngur – vegir – jarðgöng – hafnir – flugvellir. Fyrirsjáanleg er mikil þörf á fjárfestingum í samgönguinnviðum. **Ný kerfi til skattheimtu og gjaldtöku á umferð** munu koma til vegna orkuskipta og gjaldtaka færast af álögum á eldsneyti eða orku til skattlagningar á notkun samgöngumannvirkja. Með slíkum breytingum verður aðgengilegra að nýta möguleika á aðkomu breiðs hóps fjárfesta til að taka þátt í uppbyggingunni.

Samskipti/fjarskipti – ljósleiðari – 5G – tengingar við útlönd. Halda þarf áfram uppbyggingu samskiptakerfisins og sú uppbygging verður væntanlega mest á höndum annarra en opinberra aðila.

Raforkuinnviðir – virkjanir – flutningsnet. Uppbygging orkuinnviða er nauðsynleg til þess að styðja við forystuhlutverk Íslands í orkuskiptum. Minnka þarf flækjustig í kringum framkvæmdir.

Orkuskiptainnviðir. Uppbygging dreifikerfa og framleiðsla á vetni munu hafa mikla þýðingu fyrir framgang orkuskipta. Á þessum sviðum er ekki nauðsynlegt fyrir opinbera aðila að koma að fjárfestingum nema að takmörkuðu leyti.

Fasteignir fyrir rekstur opinberra stofnana. Opinberir aðilar eiga fasteignir að verðmæti hátt í 900 milljarða króna miðað við endurstofnverð. Opinberir aðilar leigja líka mikið af fasteignum. Fyrirséð er mikil uppbyggingarþörf á vegum stofnana í heilbrigðisþjónustu og öldrunarþjónustu og annarra stofnana víðar um landið.

Veitur og fráveitur. Koma þarf veitumálum og fráveitumálum í viðunandi horf og fá aðkomu utanaðkomandi fjárfesta eins og þörf er á

Úrgangsmál. Bæði sveitarfélög og fyrirtæki á annarra vegum koma að uppbyggingu og rekstri innviða fyrir eyðingu og vinnslu úrgangs. Þetta svið verður sífellt mikilvægara og frekari kröfur gerðar fyrir meðhöndlun og vinnslu.

Íbúðarhúsnæði

Auk þeirra innviða sem eru á vegum opinberra aðila eru **fasteignir undir atvinnustarfsemi og íbúðarhúsnæði meðal mikilvægustu innviða í hverju samfélagi**. Nái Ísland góðum árangri á komandi árum og áratugum verður mikil þörf fyrir frekari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. Ríki og sveitarfélög þurfa að **vinna vel saman að áætlanagerð og skipulagsmálum** vegna þessarar uppbyggingar til að ná sem bestu jafnvægi í fjárfestingum í takti við eftirspurn.

Sérstaklega er mikilvægt að vel takist til við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Í árslok 2019 töldu Íslendingar fram til eignar fasteignir að verðmæti 5.648 milljarða króna sem væntanlega hefur verið íbúðarhúsnæði að yfirgnæfandi hluta. **Eignamyndun í eigin húsnæði er ein öruggasta leiðin til fjárhagslegs sjálfstæðis einstaklinga og heimila** og skuldlítið eða skuldlaust eigið húsnæði skiptir sköpum fyrir afkomu fólks á efri árum. Útgjöld vegna húsnæðis eru yfir 30% af útgjaldagrunni vísitölu neysluverðs sem er langstærsti einstaki útgjaldaliður fjölskyldna. **Leiguhúsnæði verður alltaf hluti af eðlilegum fasteignamarkaði**. Ákveðinn hluti fólks mun í framtíðinni verða á leigumarkaði um lengri eða skemmri tíma og eðlilegt að fólk eigi val um slíkt. Opinberir aðilar munu áfram aðstoða þá tekjulægri með aðkomu að uppbyggingu leiguhúsnæðis. **En mikið er til vinnandi að koma til móts við fólk til þess að það geti eignast eigið húsnæði**.

XI. Fjármálakerfi fyrir framtíðina

Endurskoða þarf eiginfjárkröfur, regluverk og eignarhald íslensku bankanna með það að leiðarljósi að gera þá samkeppnishæfa við banka í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Til að styrkja íslenskan hlutabréfamarkað þarf að einfalda almenningi að taka þátt á hlutabréfamarkaði, skapa réttu hvatana til slíkrar þátttöku og auka frelsi einstaklinga til að ráðstafa sparnaði sínum sjálfir.

Hlutverk ríkisins á að vera að stuðla að blómlegu og alþjóðlega samkeppnishæfu fjármögnunarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja.

Regluverk og viðmið í kringum grænar fjárfestingar þurfa umfram allt að vera skýr og einföld.

Auka þarf möguleika fólks á að velja sér lífeyrissjóð og nýta hluta sparnaðar til fjárfestinga á eigin forsendum, svo sem á hlutabréfamarkaði

Smæð landsins og aðlögunarhæfni þess gerir Ísland að kjörlendi fyrir innleiðingu nýrra tæknilausna.

Íslenska fjármálakerfið stendur almennt á afar traustum stöðum um þessar mundir. Í árslok 2020 voru eignir innlánsstofnana 4.212 milljarðar króna (1,43 x VLF) og eigið fé þeirra nam 660 milljörðum króna (0,22 x VLF). Eignir lífeyrissjóða voru þá 5.716 milljarðar króna (1,94 x VLF). Erlend staða þjóðarbúsins var jákvæð um 1.039 milljarða króna eða 35.3% af landsframleiðslu. Segja má að uppbygging lífeyrissjóðanna á undanföllum áratugum hafi gjörbreytt efnahag Íslendinga. Þeir hafa verið helsta uppspretta sparnaðar og eignamyndunar hjá landsmönnum og lykillinn að því að tryggja efnahagslegt sjálfstæði og efnahagslegan stöðugleika.

Skattar og regluverk skaði ekki samkeppnishæfni

Hraðar breytingar hafa orðið á íslenska fjármálakerfinu á undanföllum áratugum sem lýsa sér í aukinni tæknivæðingu og fækkun starfsfólks, en jafnframt í greiðari aðgangi að lánsfé fyrir fyrirtæki og almenning og eigin fé fyrir atvinnurekstur. Vextir hafa lækkað mikið og stýrivextir Seðlabankans komust á tímabili niður fyrir 1% sem eru áður óþekktar slóðir í íslenskri hagsögu. Framundan eru áframhaldandi breytingar og þróun sem byggir á tækninýjungum og greiðari leiðum fjármagns milli landa og á alþjóðavísu. Hlutverk hins hefðbundna fjármálakerfis breytist samhliða þar sem nýir aðilar koma inn á markaðinn og

skapa sér rými til að þjóna viðskiptavinum sínum. Bankakerfið hefur fram á síðustu ár gegnt lykilhlutverki í innlána- og útlánastarfsemi, verðbréfiðskiptum, fjárfestingum og rekstri greiðslukerfa en mun í framtíðinni mæta stórauðinni samkeppni á öllum þessum sviðum.

Eiginfjárkröfur íslenskra banka og íþyngjandi skattar og regluverk umfram það sem Evrópureglur mæla fyrir um draga úr samkeppnishæfni þeirra. Bankarnir verða ekki eins aðlaðandi fjárfestingarkostur og kostnaður viðskiptavina eykst sem kemur niður á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem fjármagna sig hér á landi. Við þessar aðstæður hafa íslenskir bankar minna svigrúm til fjárfestinga til að bregðast við þeim gríðarlegu breytingum sem eru að eiga sér stað við miðlun fjármagns. Þá er ríkið ekki heppilegur eigandi banka, sér í lagi þegar nýjar tæknilausnir ryðja sér til rúms og krefjast kvikra og framsýnna viðbragða eigenda sinna. Ennfremur hafa ríkisbankar ríka tilhneigingu til að þróast frá faglegri stýringu til þess að pólitískar ákvarðanir ráði för og því er ástæða til þess að allir bankarnir séu skráðir á hlutabréfamarkað með dreifðu eignarhaldi. **Endurskoða þarf eiginfjárkröfur, regluverk og eignarhald íslensku bankanna með það að leiðarljósi að gera þá samkeppnishæfa við banka í þeim löndum sem við berum okkur saman við.**

Aukum þátttöku á hlutabréfamarkaði

Mörg af stærstu fyrirtækjum landsins eru skráð í kauphöll. Bein þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði á Íslandi (þ.e. að lífeyrissjóðum undanskildum) er lítil meðan þátttaka í flestum Evrópuþjóðum og Bandaríkjunum er mun meiri. Á sama tíma er virkur hlutabréfamarkaður í lykilhlutverki þegar kemur að aðgengi fyrirtækja að fjármagni og þar með möguleika fyrirtækja og efnahagslífsins alls til að vaxa. Til að styrkja íslenskan hlutabréfamarkað þarf að **einfalda almenningi að taka þátt á hlutabréfamarkaði, skapa réttu hvatana til slíkrar þátttöku og auka frelsi einstaklinga til að ráðstafa sparnaði sínum sjálfir.** Líta má til Svíþjóðar sem fyrirmynd í þessum efnum. Sömuleiðis þarf að liðka fyrir því að fyrirtæki geti nýtt sér kosti hlutabréfamarkaða, sér í lagi þegar lánsfé er óþarflega dýrt þrátt fyrir að vextir hafi lækkað.

Hugvit þarf líka fjármagn

Frumkvöðlastarfsemi er ein af grunnforsendum verðmætasköpunar og lykilþáttur í því að skapa ný og fjölbreytt störf. Störf verða ekki sköpuð án nýsköpunar framtakssamra einstaklinga og sú nýsköpun fær ekki brautargengi án aðgangs að fjármagni. Fyrir fjárfesta eru nú og verða væntanlega áfram kjöraðstæður til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum og vaxtarfyrirtækjum og gott aðgengi að slíkum fjárfestingum er því mikilvægt fyrir alla aðila. Hlutverk ríkisins á að vera að **stuðla að blómlegu og alþjóðlega**

Samkeppnishæfu fjármögnunarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja, sem og að tryggja gott aðgengi fyrirtækja að erlendum fjármögnunarkostum. Ríkið á að gæta þess að vera ekki í samkeppni við fjármögnunaraðila á almennum markaði og fjárfestingarákvarðanir ættu ávallt að vera teknar án beinnar aðkomu hins opinbera.

Greiðum leið grænnar fjármögnunar

Undanfarin ár hefur orðið mikil vitundarvakning um það mikilvæga hlutverk sem fjármagn gegnir á vegferðinni að sjálfbærari framleiðsluferlum, neysluvenjum og lífnaðarháttum. Fjárfestar hafa samfara því sýnt grænum fjárfestingarkostum mikinn áhuga. Með réttum hvötum og skýrum viðmiðum er hægt að flýta þeirri þróun og stuðla að því að Ísland nái sínum markmiðum þegar kemur að sjálfbærni og kolefnishlutleysi. **Regluverk og viðmið í kringum grænar fjárfestingar þurfa umfram allt að vera skýr og einföld.** Ennfremur ætti að skapa hvata til fjárfestinga í grænum fjárfestingarkostum, svo sem með skattaafsláttum af grænum skuldabréfum með tilskildum vottunum, endurgreiðslu á kostnaði vegna slíkra vottana, lægri eiginfjárkröfum vegna grænna bankalána og afsláttum af gjöldum vegna grænna bygginga.

Aukum valfrelsi í lífeyrismálum

Lífeyrissjóðakerfið er helsta uppspretta sparnaðar og eignamyndunar hjá landsmönnum. Þá gegna lífeyrissjóðir lykilhlutverki sem fjárfestar í íslensku atvinnulífi. Því hlutverki er best sinnt þegar lífeyrissjóðir eru hæfilega margir, mismunandi sjónarmið og menning fá að þróast meðal þeirra og fjölbreytni einkennir fjárfestingarstefnur þeirra og áherslur. Slíkt leiðir af sér heilbrigða samkeppni milli sjóðanna um ávöxtun í þágu sjóðsfélaganna. **Auka þarf möguleika fólks á að velja sér lífeyrissjóð og nýta hluta sparnaðar til fjárfestinga á eigin forsendum, svo sem á hlutabréfamarkaði.** Einfalda þarf löggjöf um áhættustýringu og takmarkanir á fjárfestingum svo lífeyrissjóðir geti byggt á eigin stefnumörkun um áhættustefnu, fjárfest í ríkari mæli í óskráðum fyrirtækjum og gefið landsmönnum raunverulegt val.

Fjármálatækni til framtíðar: Rafmyntir og bálkakeðjur

Á nýliðnum árum hefur átt sér stað mikil gróska í fjártæknilausnum sem brotið hafa niður múra sem hindrað hafa flæði fjármagns milli fólks, fyrirtækja og landamæra. Hæst ber að nefna þróun rafmynta eins og Bitcoin sem eru stafrænir gjaldmiðlar sem ekki eru

gefnir út stjórnvöldum heldur opnu netkerfi sem byggir á dulkóðun til að tryggja örugga greiðslumiðlun. Þessar rafmyntir byggja á tækni sem ber nafnið bálkakeðjur (e. blockchain) sem hafa notagildi langt út fyrir miðlun gjaldeyris.

Þegar tækniframfarir eins og rafmyntir og bálkakeðjur líta dagsins ljós er mikilvægt að stjórnvöld hindri ekki framþróun þeirra með þunglamalegu regluverki og standi í vegi fyrir að fólk og fyrirtæki grípi þau tækifæri sem þessar tækniframfarir bjóða upp á. Smæð landsins og aðlögunarhæfni þess gerir Ísland **að kjörlandi fyrir innleiðingu nýrra tæknilausna**. Því er skiptir sköpum að lög og reglur séu ekki of sértækar eða íþyngjandi heldur geri ráð fyrir því að tækninýjungar líti dagsins ljós sem ómögulegt er að sjá fyrir.

Aðkallandi verkefni á fjármagnsmarkaði

Gagngerrar endurskoðunar er þörf á rekstrarumhverfi íslensku bankanna. Breytingar eru nauðsynlegar til að tryggja samkeppnishæfni íslenskra banka og þar með íslenskra fyrirtækja sem fjármagna sig hérlendis.

Þróa nýjan markað fyrir hlutabréf minni fyrirtækja þar sem kröfur eru aðlagðar að minna umfangi og áhættu.

Þróa áfram **skattalega hvata fyrir almenning til að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum og auka frelsi fólks til að ráðstafa lífeyrissparnaði sínum sjálf.**

Tryggja **blómlegt fjármögnunarumhverfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki** með það að leiðarljósi að stuðningur ríkisins sé á forsendum markaðarins sjálfs.

Einfalda regluverk og viðmið grænnar fjármögnunar. Innleiða hvata til grænnar fjármögnunar sem gæti falist í endurgreiðslu kostnaðar vegna vottana, skattalegra ívínana eða lægri kostnaðar banka við veitingu grænna lána.

Aðlaga þarf regluverk vegna fjárfestinga í óskráðum félögum en hluti af því er að lífeyrissjóðir móti eigin áhættustefnu án lagalegra takmarkana á einstaka eignaflokka.

XII. Opinber stjórnsýsla

Virk, fagleg og örugg stjórnsýsla er ein af helstu máttarstoðum öflugs ríkis.

Nýsköpun þarf því að vera áherslumál í stjórnsýslunni jafnt og annars staðar í samfélaginu og atvinnulífinu. Nýsköpun í stjórnsýslunni getur t.d. haft sem markmið að nýta gögn og upplýsingar sem liggja fyrir með jákvæðum hætti.

Sérstaka áherslu þarf að leggja á öryggi í meðferð upplýsinga um einstaklinga og fyrirtæki.

Mikil þörf er á því að mennta og upplýsa viðskiptavini stjórnsýslunnar um nýjungar.

Stjórnsýslumenningin þarf að þróast þannig að úrvinnsla gagna og fagleg meðferð upplýsinga verði hornsteinn ákvarðanatöku.

Þróa þarf framleiðnimælingar í stjórnsýslunni og að kröfur um frammistöðu geti verið byggðar á betri möguleikum til að sjá hvernig raunverulega tekst til

Regluverkið sem stjórnsýslan vinnur með þarf að þróa út frá þeim meginsjónarmiðum að auka framleiðni í atvinnulífi, létta líf einstaklinganna og gera þeim eins auðvelt og við getur átt að lifa og starfa.

Sérstaklega er mikilvægt að straumlínulaga og stytta ferla fyrir leyfisveitingar og ákvarðanir um skipulag og framkvæmdir.

Fagleg og metnaðarfull opinber stjórnsýsla gegnir veigamiklu hlutverki í samfélagi framtíðarinnar. Íslensk stjórnsýsla glímir við að valda hlutverki sínu í litlu samfélagi þar sem möguleikar til sérhæfingar eru takmarkaðir. Smæðin hefur þó þann kost að stjórnsýslan er nær viðfangsefni sínu og þeim sem við hana þurfa að búa en það gerir hana næmari fyrir áhrifum reglna og ákvarðana á þá sem undir hana heyra og betri möguleika til að koma vandamálum á framfæri.

Virk, fagleg og örugg stjórnsýsla er ein af helstu máttarstoðum öflugs ríkis. Góð stjórnsýsla eykur framleiðni í atvinnulífinu með því að minnka óvissu og kostnað og bæta grundvöll ákvarðanatöku. Góð stjórnsýsla bætir líka velferð einstaklinga og fjölskyldna þegar reglur eru skýrar og skiljanlegar og fólk þarf ekki að velkjast í vafa um réttindi sín og fær greiða afgreiðslu erinda.

Stjórnsýslan þarf að fylgja þeim tæknibreytingum sem ganga yfir samfélagið og atvinnulífið. Möguleikar til þess að safna, halda utan um og hagnýta hvers kyns gögn og upplýsingar um fólk og fyrirtæki hafa umbýlst. **Nýsköpun þarf því að vera áherslumál í stjórnsýslunni** jafnt og annars staðar í samfélaginu og atvinnulífinu.

Nýsköpun í stjórnsýslunni getur t.d. haft sem markmið **að nýta gögn og upplýsingar** sem liggja fyrir með jákvæðum hætti (s.s. forskráning skattframtala) og bætt þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Tryggja þarf gott flæði skilaboða milli stjórnsýslunnar og viðskiptavina hennar þannig að greina megj vandamál og vinna með hugmyndir að úrbótum í samstarfi eins og við getur átt. Möguleiki þarf að vera til þess að prófa nýjungar og móta þær.

Í skattkerfinu má reikna með því að möguleikar opnast á það að beintengja bókhaldskerfi fyrirtækja og stofnana beint við skattyfirvöld þannig að framtöl og skilagreinar vegna hinna ýmsu skatta og gjalda verði til sjálfkrafa. Koma þarf upp sambærilegri þjónustu milli sjálfstætt starfandi einstaklinga og skattsins og tryggja að minni fyrirtæki verði ekki útundan í þessari þróun. Ennfremur þarf gott gagnsæi og skýrar leikreglur um meðhöndlun upplýsinga að fylgja svona breytingum.

Sérstaka áherslu þarf að leggja **á öryggi í meðferð upplýsinga um einstaklinga og fyrirtæki**. Jafn vel og möguleikarnir til þess að nýta gögn og upplýsingar geta gagnast einstaklingum og fyrirtækjum getur jafn illa farið ef þessi gögn eru ekki varðveitt með réttum hætti og misfarast. Þá snýst nýting gagna og upplýsinga upp í andhverfu sína ef hún gengur á friðhelgi einkalífs eða möguleika einstaklinga til að ráða eigin hugsunum og gerðum. Þjónusta við einstaklinga getur orðið að yfirþyrmandi forræðishyggju ef ekki er rétt á málum haldið.

Mikil þörf er á því að **mennta og upplýsa viðskiptavinum stjórnsýslunnar um nýjungar** og gæta að almennri útbreiðslu þekkingar á nýjum aðferðum og vinnubrögðum. Huga þarf vel að uppfærslu menntunar og þekkingar starfsmanna stjórnsýslunnar þannig að þeir geti verið leiðandi í þróun og framkvæmd nýmæla.

Stjórnsýslumenningin þarf að þróast þannig að **úrvinnsla gagna og fagleg meðferð upplýsinga verði hornsteinn ákvarðanatöku**. Styrkja þarf **notkun gæðakerfa í stjórnsýslunni** og Ríkisendurskoðun þarf að hafa stærra hlutverk í að fylgjast með gæðum stjórnsýslunnar og þróa stjórnsýsluúttektir og aðrar úttektir á stofnunum þannig að gæði stjórnsýslunnar hafi þyngra vægi. Þróa þarf **framleiðnimælingar í stjórnsýslunni** og að kröfur um frammistöðu geti verið byggðar á betri möguleikum til að sjá hvernig raunverulega tekst til

Almennt þarf stjórnsýslan að hafa **þjónustumiðað viðhorf** gagnvart verkefnum sínum. Verkefni stjórnsýsluaðila eru fjölbreytt, s.s. að útdeila fjármunum eða innheimta þá, annast þjónustuverkefni í heilbrigðis- og menntakerfi, veita leyfi til starfsemi og

framkvæmda, hafa eftirlit með fólki og fyrirtækjum, halda uppi lögum og reglu og stýra efnahagsmálum þjóðarinnar. Regluverk er síbreytilegt vegna breyttra aðstæðna, breyttra markmiða og breyttra krafna. Regluverkið sem stjórnarsýslan vinnur með þarf að þróa út frá þeim meginsjónarmiðum að **auka framleiðni í atvinnulífi, léttu líf einstaklinganna og gera þeim eins auðvelt og við getur átt að lifa og starfa.**

Sérstaklega er mikilvægt að **straumlínulaga og stytta ferla fyrir leyfisveitingar og ákvarðanir um skipulag og framkvæmdir.** Sameina þarf stofnanir sem heyra undir mismunandi ráðuneyti eftir því sem þarf þannig að **ein stofnun taki ákvarðanir um sama mál** sem nú er á könnu margra stofnana og tefur mjög framkvæmdir.

XIII.LOKAORÐ

Sá samtakamáttur sem þjóðin hefur sýnt, meðal annars í baráttunni við COVID19, kann að vera afar dýrmætur þegar kemur að því að taka mikilvægar ákvarðanir til framtíðar þar sem góð heilsa og lífsgæði nýrra kynslóða Íslendinga eru í fyrirrúmi.

Þessi samantekt um framtíðina er hugsuð sem **innlegg** sem getur verið hluti af leiðarvísni inn í framtíðina. Afar brýnt er að huga vel að framtíðinni ekki síst vegna þess að við lifum á tímum örra samfélagsbreytinga og breytinga í atvinnulífi. Um allan heim gætir þessara breytinga og þyngdarpunktar í völdum og viðskiptum eru og verða á mikilli hreyfingu.

Íslenska þjóðin á mikið undir því ekki síður en aðrar þjóðir að **góð tók náist á verndun umhverfisins og í baráttunni við loftslagsbreytingar**. Náttúruauðlindir eru í húfi. Nú þegar eru alvarlegar vísbendingar að koma fram eins og súrnun Íslandshafs sem getur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt efnahagslíf.

Íslendingar eiga að vera á meðal forystuþjóða við að vinna markvisst að **innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun**. Fimm meginstef heimsmarkmiðanna eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Íslensk stjórnvöld hafa þegar sett sér metnaðarfull markmið á þessu sviði sem krefjast víðtæks samstarfs bæði hér og erlendis.

Meginskilaboðin í þessu riti eru þau að fjárfesta þurfi í fólki, atvinnulífi og innviðum. Íbúum á Íslandi verður að fjölga mikið umfram fyrirbyggjandi mannfjöldaspár bæði með hærri fæðingartíðni og fleiri innflytjendum og fjallað er um leiðir til að ná árangri á þessum sviðum. Fjárfestingar í fólki fela jafnframt í sér umbætur í menntakerfi, heilbrigðiskerfi og almannatryggingum til þess að auka samkeppnishæfni landsins. Lagt er til nýtt fyrirkomulag á ellilífeyri og örorkulífeyri almannatrygginga til að bæta hvata til atvinnu og tekjuöflunar.

Nýsköpun þarf að efla á öllum sviðum atvinnulífsins og nýta þau tækifæri sem okkur bjóðast. Landið þarf að vera opið og atvinnulífið þarf að sækja fram á erlendum mörkuðum. Miklar kröfur verða gerðar til stjórnenda fyrirtækja en árangur þeirra og atvinnulífsins er forsenda lífshæðar og velferðar á Íslandi. Aðilar vinnumarkaðarins hafa það mikilvæga verkefni að samræma launahækkunarvið lágna verðbólgu. Öflugt fjármálakerfi styður við sókn atvinnulífsins og mikilvægt er að það búi við samkeppnishæf starfsskilyrði. Nútímaleg, hagkvæm og markviss opinber stjórnsýsla

styður við atvinnulífið en eitt af lykilmarkmiðum hennar er að auka framleiðni í atvinnulífinu. Sköpun í menningarlífinu er mikilvæg fyrir samfélagið og atvinnulífið.

Miklar fjárfestingar þarf í innviðum á næstu áratugum. Lögð er áhersla á að aðstæður hafa breyst þannig að ekki er sama þörf og áður á að opinberir aðilar sjái einir um innviðafjárfestingar. Þess vegna er æskilegt að breyta verkaskiptingunni í samfélaginu og fleiri aðilar komi að innviðafjárfestingum en opinberir aðilar einbeiti sér frekar að fjárfestingum í fólki.

Þetta rit er unnið af vinnuhópi sem settur var af stað af formanni Sjálfstæðisflokksins. Með þessu sýnir Sjálfstæðisflokkurinn að hann vill hafa forystu um málefnalega og uppbyggilega umræðu um framtíðarmálefni þjóðarinnar. Efni ritsins verður til umfjöllunar á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og annars staðar í samfélaginu og öll málefnaleg umræða um innihald þess er velkomin. Vonandi nýtist efni ritsins til stefnumörkunar og ákvarðanatöku víða í samfélaginu.

Framtíðarsýnin er að Sjálfstæðisflokkurinn leiði samfélagið inn í **framtíð til farsældar með visku, hugrekki, hófsemi og réttlæti að leiðarljósi.**

